



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 19/2009**

**um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboðs um  
endursöluaðgang að farsímaneti Símans hf.**

**Nóvember 2009**

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	5
2	Ákvörðun PFS nr. 4/2007 (M15).....	6
3	Kynning á viðmiðunartilboði Símans og samráð við hagsmunaaðila .....	7
4	Tilgangur viðmiðunartilboðs og heimildir PFS.....	9
5	Meginefni og einstök álitafni viðmiðunartilboðsins.....	10
5.1	Almennar athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðmiðunartilboðið .....	10
5.1.1	Almennar athugasemdir Símans við drög að ákvörðun þessari og kröfur Símans.....	11
5.1.1.1	Áskorun um að falla frá samráði um viðmiðunartilboð og hraða endurskoðun markaðsgreiningar.....	11
5.1.1.2	Krafa um að kvöð um birtingu viðmiðunartilboðs verði afturkölluð.....	12
5.1.1.3	Krafa um að Símanum verði ekki gert skylt að birta trúnaðarupplýsingar í viðmiðunartilboðinu.....	13
5.1.2	Niðurstaða PFS um almennar athugasemdir og kröfur Símans .....	14
5.1.2.1	Almennt .....	14
5.1.2.2	Um áskorun Símans um að PFS falli frá samráði um viðmiðunartilboð og hraði frekar endurskoðun markaðsgreiningar .....	14
5.1.2.3	Um kröfu Símans um að kvöð um birtingu viðmiðunartilboðs verði afturkölluð .....	15
5.1.2.4	Um kröfu Símans um að fyrirtækinu verði ekki gert skylt að birta trúnaðarupplýsingar í hlutaðeigandi viðmiðunartilboðum.....	16
5.2	Einstakir skilmálar viðmiðunartilboðsins.....	17
5.3	Skilmáli 1.3.2 - Samningur milli Símans og viðsemjanda er í gildi .....	17
5.3.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	17
5.3.2	Athugasemdir Símans.....	17
5.3.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	18
5.4	Skilmáli 1.4 - Breytingar á samningi .....	18
5.4.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	19
5.4.2	Athugasemdir Símans.....	19
5.4.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	19
5.5	Skilmáli 2.1 - Grunnkröfur sem gerðar eru til viðsemjanda .....	19
5.5.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	20
5.5.2	Athugasemdir Símans.....	21
5.5.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	21



5.6	Skilmáli 2.2 - Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina – þjónustugæði/þjónustustig .....	21
5.6.1	Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	22
5.7	Skilmáli 2.7 - Þagnarskylda o.fl. ....	23
5.7.1	Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	23
5.8	Skilmáli 3.2 - Uppbygging á farsímaneti viðsemjanda.....	23
5.8.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum .....	24
5.8.2	Athugasemdir Símans.....	25
5.8.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	25
5.9	Skilmáli 4.1.3 - Verðbreytingar .....	26
5.9.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	26
5.9.2	Athugasemdir Símans.....	26
5.9.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	27
5.10	Skilmáli 6.2 - Riftun.....	28
5.10.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum .....	28
5.10.2	Athugasemdir Símans.....	28
5.10.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	29
5.11	Skilmáli 7 - Eigendaskipti að hlutum viðsemjanda .....	29
5.11.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum .....	29
5.11.2	Athugasemdir Símans.....	30
5.11.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	30
5.12	Skilmáli 7 [áður 8]- Lögsaga og lausn ágreiningsmála .....	30
5.12.1	Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	30
5.13	Skilmáli 8 [áður 9] - Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings.....	31
5.13.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum .....	31
5.13.2	Athugasemdir Símans.....	31
5.13.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	31
6	Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðauka viðmiðunartilboðsins .....	31
6.1	Viðauki 1, Skilmáli 2 - Verð fyrir endursöluaðgang .....	31
6.1.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum .....	32
6.1.2	Athugasemdir Símans.....	32
6.1.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	32
6.2	Viðauki 1, Skilmáli 2.3 - Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn.....	33
6.2.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	34
6.2.2	Athugasemdir Símans.....	34
6.2.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	34
6.3	Viðauki 1, Skilmáli 2.5 - Útlandasímtöl.....	34

6.3.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	35
6.3.2	Athugasemdir Símans.....	35
6.3.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	35
6.4	Viðauki 1, Skilmáli 2.6 - Erlent reiki .....	36
6.4.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	36
6.4.2	Athugasemdir Símans.....	36
6.4.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	36
6.5	Viðauki 1, Skilmáli 3 - Samhæfing upplýsingakerfa.....	36
6.5.1	Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	37
6.6	Viðauki 1, Skilmáli 4 - Gjald vegna niðurfellingar samnings .....	37
6.6.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	37
6.6.1	Athugasemdir Símans.....	37
6.6.1	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	38
6.7	Viðauki 2, Skilmáli 1 - Tæknileg útfærsla endursöluaðgangs .....	39
6.7.1	Grein 1 Ábyrgð aðila .....	39
6.7.1.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	39
6.7.1.2	Athugasemdir Símans.....	40
6.7.1.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	40
6.7.2	Grein 2 Númeraflutningur - HÍN – tenging við Já ehf. ....	42
6.7.2.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	42
6.7.3	Grein 5 Tæknilegur fyrirvari .....	42
6.7.3.1	Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	42
6.8	Viðauki 3. Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum .....	43
6.8.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	43
6.8.2	Athugasemdir Símans.....	43
6.8.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	43
6.9	Viðauki 5. Áætlanir .....	43
6.9.1	Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum.....	44
6.9.2	Athugasemdir Símans.....	44
6.9.3	Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar .....	44
	Ákvörðunarorð .....	45
	Viðauki.....	1

# 1 Inngangur

Með lögum nr. 81/2003 voru innleiddar fjórar tilskipanir um fjarskipti<sup>1</sup> og ein tilskipun um persónuvernd í fjarskiptum<sup>2</sup>. Löggjöfinni er ætlað að skapa einsleit starfsskilyrði fyrir fjarskiptafyrirtæki í Evrópu, takmarka hindranir og skapa skilyrði fyrir sjálfbæra samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur. Jafnframt leggur hún þær skyldur á Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) að skilgreina ákveðna fjarskiptamarkaði eftir vöru- og þjónustutegundum og landsvæðum í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Með greiningu á þessum skilgreindu mörkuðum er m.a. kannað hvort á þeim ríki virk samkeppni. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að á viðkomandi markaði ríki ekki virk samkeppni vegna þess að eitt eða fleiri fyrirtæki eru með umtalsverðan markaðsstyrk ber stofnuninni að útnefna þau með umtalsverðan markaðsstyrk og leggja á þau viðeigandi kvaðir. Póst- og fjarskiptastofnun ber að leggja a.m.k. eina kvöð á fyrirtæki sem hefur verið útnefnt.

Einn af þeim skilgreindu mörkuðum sem PFS hefur greint er markaður fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (Markaður 15) og var Síminn útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á þeim markaði, sbr. ákvörðun PFS nr. 4/2007, dags. 5. febrúar 2007,<sup>3</sup> um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum. Með ákvörðun þessari voru lagðar á Símann sérstakar kvaðir, sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir, í þeim tilgangi m.a. að efla samkeppni á farsímamarkaði.

Þann 28. apríl 2008 birti Síminn hf. (hér eftir Síminn) viðmiðunartilboð um endursöluaðgang að farsímaneti fyrirtækisins (hér eftir viðmiðunartilboð).<sup>4</sup> Viðmiðunartilboð þetta er hluti af þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með framangreindri ákvörðun PFS nr. 4/2007. Síminn birti uppfært viðmiðunartilboð þann 1. júní 2008<sup>5</sup> og aftur þann 1. janúar 2009<sup>6</sup>. Tók síðari uppfærslan mið af breytingum sem gerðar voru í kjölfar samningaviðræðna Símans við endursöluaðila farsímaþjónustu í lok desember 2008.

Í ákvörðun þessari er gerð grein fyrir þeim skilmálum viðmiðunartilboðs Símans sem PFS hefur séð ástæðu til að gera athugasemdir við og mæla fyrir um breytingar á í þeim tilgangi að viðmiðunartilboðið verði í fullu samræmi við ákvæði fjarskiptalaga og álagðar kvaðir skv. ákvörðun stofnunarinnar nr. 4/2007.

<sup>1</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að, og samtengingu við, fjarskiptanet og aðstöðu sem þeim tengist (aðgangs- og samtengingartilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um veitingu heimilda fyrir fjarskiptanet og þjónustu (heimildartilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan ramma stjórnýsly um fjarskiptanet og þjónustu (rammatilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (alþjónustutilskipun).

<sup>2</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónulegra upplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum (persónuverndartilskipun).

<sup>3</sup> Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. úrskurður nefndarinnar nr. 2/2007, dags. 3. júlí 2007.

<sup>4</sup> Útgáfa 1.0 – 28.04.2008

<sup>5</sup> Útgáfa 1.1-A – 01.06.2008

<sup>6</sup> Útgáfa 1.2 - 01.01.2009

## 2 Ákvörðun PFS nr. 4/2007 (M15)

Þann 5. febrúar 2007 birti Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun sína nr. 4/2007,<sup>7</sup> um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (Markaður 15), og fylgiskjöl með henni. Á grundvelli niðurstöðu úr markaðsgreiningu á markaði 15<sup>8</sup> og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. fjarskiptalaga ákvað PFS að útnefna Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 15.<sup>9</sup>

Í viðauka A með ákvörðun PFS kemur m.a. fram að helstu ástæður þess að samkeppni var ekki talin nægjanlega virk voru að engir sjálfstæðir þjónustuaðilar eða endursöluaðilar væru starfandi á GSM farsímamarkaði, illa hafi gengið fyrir nýja aðila að fá lögbundinn aðgang að fjarskiptaneti, verðvitund og hreyfanleiki notenda lítill og að uppbygging á nýju fjarskiptaneti felur í sér mikinn fjárfestingarkostnað. Samkeppni á GSM farsímamarkaði gæti orðið mun virkari ef skapaðar yrðu betri aðstæður fyrir þjónustusamkeppni. Kvöð um endursöluaðgang væri nauðsynlegur þáttur til að efla þjónustu- og verðsamkeppni. Þessi tegund aðgangs gefur þjónustuaðilum kost á að endurselja farsímaþjónustu sem hann kaupir af farsímanetsrekanda í heildsölu án þess að byggja upp eigið net og veitir Símanum möguleika á að nýta umframafkastagetu.<sup>10</sup> Þannig hefur endursöluaðili verið skilgreindur sem farsímafyrirtæki með lágmarks rekstrarkostnað s.s. markaðs- og sölukostnað, húsnæðis-, skrifstofu- og launakostnað en býr ekki yfir neinum sjálfstæðum innviðum farsímaþjónustukerfis og þarf þ.a.l. ekki að bera mikinn fjárfestingarkostnað. Afskriftir ættu því ekki að vera háar né fjármagskostnaður mikill.<sup>11</sup>

Eftirfarandi kvaðir voru lagðar á Símann á grundvelli ofangreindrar ákvörðunar og í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga:

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga var lögð sú kvöð á Símann að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að GSM farsímaneti fyrirtækisins og þjónustu á heildsölustigi. Þá er skýrt kveðið á um það að Símann skuli meðal annars verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um innanlandsreiki, samnýtingu eða samhýsingu, aðgang til endursölu og sýndarnetsaðgang. Nánari skilgreiningu á þessum aðgangsformum er að finna í kafla 2.1 í ákvörðuninni.

Meginmarkmið þeirra kvaða sem PFS lagði á Símann á markaði 15 var að auka samkeppni á GSM farsímamarkaði og skapa skilyrði fyrir mögulega innkomu sjálfstæðra þjónustuaðila. Til að stuðla að því að markmið þetta næðist lagði PFS, auk framangreindrar kvaðar skv. 28. gr., eftirfarandi kvaðir á Símann með ákvörðun PFS nr. 4/2007.

<sup>7</sup> Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. úrskurður nefndarinnar nr. 2/2007, dags. 3. júlí 2007.

<sup>8</sup> Sjá viðauka A með ákvörðun PFS nr. 4/2007 - Greining á markaði 15 ([PDF](#))

<sup>9</sup> Sjá nánar t.d. kafla 6.2.1.2 Niðurstöður um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Viðauka A með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 4/2007.

<sup>10</sup> sjá nánar málsgreinar 352-355 í viðauka A með ákvörðun PFS nr. 4/2007.

<sup>11</sup> 399. málsgrein, bls. 98, í viðauka A með ákvörðun PFS nr. 4/2007.



Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga var lögð kvöð á Símann um jafnræði bæði hvað varðar verð og önnur skilyrði og gildir jafnræðiskvöðin fyrir allar tegundir af heildsöluaðgangi. Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga var lögð kvöð á Símann um gagnsæi og að útbúa og birta viðmiðunartilboð fyrir innanlands reiki, endursölu og sýndarnet og birta upplýsingar um einkenni netsins, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun, verðskrá og bókhaldsupplýsingar fyrir GSM farsímasvið sitt. Þá var jafnframt lögð kvöð á Símann um bókhaldslegan aðskilnað, með heimild í 31. gr., og með heimild í 32. gr. var lögð kvöð um eftirlit með gjaldskrá.

Sú kvöð sem hér er til umfjöllunar snýr að skyldu Símans til að veita aðgang að farsímaneti sínu á heildsölustigi sem þriðji aðili endurselur, sbr. b. lið 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga og einnig kvöð um gagnsæi samkvæmt 29. gr. sem snýr að birtingu viðmiðunartilboðs um endursöluaðgang að farsímaneti Símans.

Endursöluaðgangur veitir þjónustuaðila möguleika á að endurselja farsímaþjónustu sem hann kaupir af farsímanetsrekanda í heildsölu. Þegar um er að ræða hreina endursölu undir sjálfstæðu vörumerki, býr þjónustuaðilinn ekki yfir neinum sjálfstæðum innviðum farsímaþjónustukerfis og kaupir nánast alla stoðþjónustu í heildsölu. Þessi tegund aðgangs gefur þjónustuaðila þó ekki sama frelsi til að bjóða eigin þjónustu eins og innanlandsreiki eða sýndarnetsaðgangur.

### **3 Kynning á viðmiðunartilboði Símans og samráð við hagsmunaaðila**

Eins og fram hefur komið birti Síminn viðmiðunartilboð sitt um endursöluaðgang að farsímaneti sínu fyrst þann 28. apríl 2008 og var endurskoðað tilboð birt þann 1. júní 2008. Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 12. júní 2008, var helstu fjarskiptafyrirtækjum tilkynnt um viðmiðunartilboð Símans og óskað eftir afstöðu þeirra til þess. Þá var frétt þessa efnis jafnframt birt á heimasíðu stofnunarinnar þann 13. júní 2008 og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að senda inn umsagnir eða athugasemdir vegna viðmiðunartilboðsins.

Póst- og fjarskiptastofnun bárust aðeins athugasemdir frá einum aðila, frá fjarskiptafyrirtækinu Nova ehf. Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 30. júlí 2008, voru athugasemdir Nova sendar til Símans og fyrirtækinu gefin kostur á að skila inn umsögn til stofnunarinnar um þau atriði viðmiðunartilboðsins sem gerðar voru athugasemdir við. Engar athugasemdir bárust frá Símanum vegna þessa.

Um miðjan janúar 2009 barst PFS tilkynning Símans þess efnis að gerðar hefðu verið breytingar á viðmiðunartilboðum fyrirtækisins um endursöluaðgang og sýndarnetsaðgang að farsímaneti Símans í kjölfar samningaviðræðna við IP fjarskipti ehf. (Tal) um endursöluaðgang að farsímaneti Símans og að uppfært viðmiðunartilboð hefði verið birt á heimasíðu fyrirtækisins. Af þessari ástæðu þótti PFS rétt að efna til samráðs að nýju. Var það gert til að gefa hagsmunaaðilum færi á að koma að athugasemdum sínum áður en stofnunin tæki endanlega afstöðu til þess hvort framangreind viðmiðunartilboð uppfylltu þær kvaðir



sem getið er um hér að ofan, sem og hvort þau samrýmast ákvæðum fjarskiptalaga að öðru leyti. Var frétt þessa efnis birt á heimasíðu PFS þann 20. janúar 2009 og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að senda inn umsagnir eða athugasemdir vegna viðmiðunartilboðsins.

Úr þessu seinna samráði skilaði aðeins eitt fyrirtæki inn athugasemdum til PFS. Var það fyrirtækið Tal. Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 4. febrúar 2009, voru athugasemdir Tals sendar til Símans og fyrirtækinu gefin kostur á að skila inn umsögn til stofnunarinnar um þau atriði viðmiðunartilboðsins sem gerðar voru athugasemdir við.

Með bréfi Símans, dags. 27. febrúar sl., gerði fyrirtækið grein fyrir afstöðu sinni til athugasemda Tals. Kemur þar fram að Síminn líti svo á að umræddar athugasemdir hafi ekki verið gerðar fyrir hönd Tals þar sem sá aðili er ritaði undir bréfið hafi ekki haft umboð til þess. Vísaði Síminn í þessu sambandi til fréttu þess efnis að fjármálaráðuneytið hefði tekið ákvörðun um að ráðning framkvæmdastjóra félagsins, sá er ritaði undir fyrrnefnt bréf, og veiting prókúruumboðs hafi verið ólögmat. Af þessum sökum líti Síminn svo á að réttur fyrirsvarsaður Tals hafi ekki gert athugasemdir við viðmiðunartilboð Símans og því beri að virða athugasemdir Tals að vettugi.

Vegna framangreindra athugasemda Símans óskaði PFS eftir að starfandi framkvæmdastjóri Tals staðfesti við stofnunina hvort umræddar athugasemdir Tals stæðu eða hvort fyrirtækið vildi koma að nýjum athugasemdum.

Þann 27. apríl 2009 barst PFS tölvupóstur frá starfandi framkvæmdastjóra Tals þar sem fram kom að í ljósi breyttra aðstæðna væru umræddar athugasemdir Tals afturkallaðar.

Vegna framangreinds vill PFS taka fram að stofnuninni ber að yfirfara viðmiðunartilboð Símans og athuga hvort það sé í samræmi við álagðar kvaðir á markaði 15 og þjóni þeim markmiðum sem að var stefnt þ.e. að styrkja og auka samkeppni á markaði fyrir farsímaþjónustu. Áður en PFS tekur endanlega afstöðu til viðmiðunartilboðs er efnt til samráðs þar sem hagsmunaaðilum er gefið færi á koma að athugasemdum við hlutaðeigandi tilboð. Engar formlegar takmarkanir eru á því hverjir geta skilað inn athugasemdum í samráðsferlum sem þessum. Telur stofnunin því rétt að taka mið af öllum málefnalegum sjónarmiðum sem fram koma áður en stofnunin tekur endanlega afstöðu til þess hvort viðmiðunartilboð Símans uppfyllir þær kvaðir sem lagðar voru á fyrirtækið, sem og hvort það samrýmist ákvæðum fjarskiptalaga að öðru leyti.

Hvað framangreinda afturköllun Tals varðar er ljóst að frá þeim tíma sem athugasemdirnar bárust PFS og þar til þær voru afturkallaðar, tæpum þremur mánuðum síðar, var mál þetta í vinnslu innan PFS og stofnunin því að sjálfsögðu kynnt sér umræddar athugasemdir og tekið afstöðu til þeirra. Af þessum sökum verður ekki hjá því komist að athugasemdir Tals hafi að einhverju leyti áhrif í máli þessu, enda séu þær málefnalegar. Í þessu sambandi skal áréttað að engar formlegar takmarkanir eru á því hverjir geta skilað inn athugasemdum í samráðsferlum sem þessum. Hefur starfandi forstjóra Tals verið gerð grein fyrir framangreindu.

Með hliðsjón af framkomnum athugasemdum og endurskoðun PFS á viðmiðunartilboðinu þótti óhjákvæmilegt að gera breytingar á einstaka ákvæðum viðmiðunartilboðsins til að það



yrði í samræmi við skilgreind markmið samkvæmt ákvörðun PFS. Breytingar PFS á viðmiðunartilboði Símans voru kynntar fyrirtækinu með bréfi PFS, dags. 26. júní 2009, þar sem Símanum var veitt færi á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun PFS um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboðsins.

Athugasemdir Símans við fyrirhugaða ákvörðun PFS bárust 16. september sl. með bréfi dagsettu sama dag. Hefur PFS nú kynnt sér athugasemdir Símans og endurskoðað drög að ákvörðun stofnunarinnar um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboðsins með hliðsjón af þeim athugasemdum Símans sem PFS þóttu málefnalegar og gefa tilefni til að taka til greina.

Mun stofnunin hér á eftir mæla fyrir um nauðsynlegar breytingar á viðmiðunartilboðinu eins og henni er heimilt að gera samkvæmt 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga, sbr. nánar í næsta kafla.

Með hliðsjón af framangreindu verður umfjöllun stofnunarinnar hér á eftir skipt niður á eftirfarandi hátt:

Í kafla fjögur verður umfjöllun um tilgang viðmiðunartilboðs og heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að gera á því breytingar. Í kafla fimm verður umfjöllun um meginefni, einstök álitafni og athugasemdir við einstaka skilmála viðmiðunartilboðsins og niðurstöður PFS við þeim. Að lokum verður í kafla sex gerð grein fyrir viðaukum viðmiðunartilboðsins þ.m.t. gjaldskrá Símans fyrir endursöluáðgang að farsímaneti sínu, athugasemdum við einstaka skilmála viðaukanna og niðurstöðum PFS.

## **4 Tilgangur viðmiðunartilboðs og heimildir PFS**

Eins og fram hefur komið getur PFS á grundvelli 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga skyldað fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk til að birta opinberlega ákveðnar upplýsingar til að auka gagnsæi samtengingar eða aðgangs að aðstöðu fjarskiptafyrirtækis, t.d. bókhaldsupplýsingar, tæknilýsingar, upplýsingar um einkenni neta, skilmála, skilyrði fyrir afhendingu og notkun og verðskrá. Þá getur PFS jafnframt skyldað fyrirtæki sem gert er að gæta jafnræðis til að gefa út viðmiðunartilboð sem innihaldi sundurliðaða lýsingu á aðgangi, ásamt skilmálum og skilyrðum þ.á.m. gjaldskrá. PFS getur mælt fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði og er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni þeirra, sbr. 2. mgr. 29. gr.

Á grundvelli framangreindra lagaákvæða var með ákvörðun PFS nr. 4/2007 m.a. lögð sú kvöð á Símann að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang til endursölu að GSM farsímaneti fyrirtækisins. Samhliða kvöð um aðgang til endursölu var einnig lögð á kvöð um gangsæi en samkvæmt henni ber Símanum að birta viðmiðunartilboð um endursöluáðgang að farsímaneti sínu.

Tilgangur með birtingu viðmiðunartilboðs er m.a. sá að gefa öllum markaðsaðilum kost á að sjá hvað er í boði og tryggja að fyrirtæki verði ekki krafín um greiðslu fyrir þjónustu eða aðstöðu sem þeim er ekki nauðsynleg. Skilmálar sem gilda fyrir aðgang að netum og þjónustu

skipta þannig miklu máli fyrir nýja aðila og geta haft úrslitaáhrif á möguleika þeirra til að vinna sér markaðshlutdeild. Ef þessir aðilar búa við mismunandi skilmála er samkeppnisstaða þeirra í hættu. Ennfremur auðveldar það fyrirtækjum að koma inn á markað ef fyrirsjáanlegt er hvaða kjör eru í boði varðandi aðgang og þjónustu sem þau þurfa að kaupa og hver er grundvöllur verðlagningar og annarra skilmála. Er birtu viðmiðunartilboði þannig ætlað að vera grundvöllur undir þær samningaviðræður sem vísað er til í aðgangskvöðinni.

Eins og áður segir óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir afstöðu fjarskiptafyrirtækja til þess viðmiðunartilboðs sem Síminn birti þann 1. júní 2008. Efnid stofnunin svo til aukasamráðs í kjölfar breytinga sem Síminn gerði á viðmiðunartilboði sínu í janúar 2009. Ástæða þess var einkum sú að stofnuninni ber skylda til að yfirfara viðmiðunartilboðið og sjá til þess að það þjóni því markmiði sem stefnt var að og sé í samræmi við þær kvaðir sem lagðar voru á Símann, sbr. ákvörðun PFS nr. 4/2007. Til þess að stofnunin geti rækt þetta lögbundna hlutverk sitt var nauðsynlegt að fá fram öll málefnaleg sjónarmið, enda er viðmiðunartilboðið sá samningsgrundvöllur sem fyrirtæki eiga að geta byggt samningaviðræður sínar við Símann á.

Drög að fyrirhugaðri ákvörðun PFS um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboðs um endursöluaðgang að farsímaneti Símans voru, eins og fram hefur komið, kynnt Símanum í lok júní 2009 og fyrirtækinu þannig gefið færi á að koma að athugasemdum sínum við þau. Athugasemdir Símans bárust um miðjan september 2009 og hefur PFS kynnt sér þær. Við endurskoðun á drögum að þessari ákvörðun PFS var tekið mið af þeim athugasemdum Símans sem stofnuninni þóttu málefnalegar og rökfestar.

## **5 Meginefni og einstök álitafni viðmiðunartilboðsins**

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir þeim almennu athugasemdum sem bárust eftir samráðsferlið, athugasemdum PFS við einstaka skilmála viðmiðunartilboðsins og athugasemdum Símans þær breytingar á viðmiðunartilboðinu sem PFS mælti fyrir um í drögum að ákvörðun þessari. Til hægðarauka verður sá skilmáli viðmiðunartilboðsins sem gerðar eru athugasemdir við tekinn upp orðrétt í upphafi hverrar umfjöllunar. Einungis verður fjallað um þá skilmála sem PFS telur ástæðu til að gera athugasemdir við og gera breytingar á. Aðra skilmála hefur PFS í hyggju að staðfesta óbreytta.

### **5.1 Almennar athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðmiðunartilboðið**

Eins og fram hefur komið bárust aðeins athugasemdir frá einu fyrirtæki úr fyrra samráði. Var það frá fyrirtækinu Nova, með bréfi dags. 21. júlí 2008. Kemur þar m.a. fram að það væri mat Nova að viðmiðunartilboð Símans um endursöluaðgang að farsímaneti sínu væri „á líkum nótum að breyttu breytanda og viðmiðunartilboð Símans fyrir reiknaðgang.“ Vísaði Nova til þeirra athugasemda sem fyrirtækið hafði gert við viðmiðunartilboð Símans fyrir reiknaðgang og til ályktana í ákvörðun PFS nr. 13/2008, um viðmiðunartilboð Símans um innanlandsreiki, frá 9. júlí 2008.

Úr seinna samráði bárust PFS athugasemdir frá IP fjarskiptum ehf. (Tal), með bréfi dags. 3. febrúar 2009. Voru þessar athugasemdir dregnar til baka með tölvupósti frá starfandi framkvæmdastjóra Tals þann 27. apríl 2009. Hafði stofnunin þá þegar kynnt sér og lagt mat á athugasemdir Tals enda þá liðnir tæpir þrír mánuðir frá því athugasemdirnar voru sendar PFS. Eins og fram hefur komið verður því ekki hjá því komist að einhverjar af umræddum athugasemdum Tals hafi áhrif í máli þessu, þ.e. þær athugasemdir sem byggja á málefnalegum forsendum og góðum rökum.

### **5.1.1 Almennar athugasemdir Símans við drög að ákvörðun þessari og kröfur Símans**

#### **5.1.1.1 Áskorun um að falla frá samráði um viðmiðunartilboð og hraða endurskoðun markaðsgreiningar**

Í athugasemdum Símans við drög að þessari ákvörðun PFS skorar Síminn á PFS að falla frá samráði um viðmiðunartilboð og hraða frekar endurskoðun markaðsgreiningar á hlutaðeigandi markaði. Í rökstuðningi Símans fyrir þessu er vísað til þess að grundvallarbreyting hafi orðið á farsímamarkaði síðan forsendur ákvörðunar PFS nr. 4/2007 lágu fyrir. Ákvörðun PFS hafi verið tekin í ársbyrjun 2007 en þau gögn og forsendur sem ákvörðunin byggir á megi rekja til ársins 2005. Samkeppni á smásölustigi hafi aukist síðan þá því nú séu fjórir keppinautar í stað tveggja. Þá sé Síminn ekki lengur eina fyrirtækið með landsdekkandi 2G farsímanet þar sem farsímanet Vodafone þeki nú sama landsvæði og net Símans með mjög óverulegum frávikum sem að mati Símans hafa lítil áhrif á stöðuna á markaði nú. Segir Síminn ljóst að markaðshlutdeild fyrirtækisins á markaðnum hafi lækkað verulega frá því forsendur ákvörðunar lágu fyrir þegar hún var metin á bilinu 60-65% en sé nú nálægt 50%.<sup>12</sup> Í dag sé staðan sú að Síminn er einn um farsímanet fyrirtækisins, ef frá eru undanskildir þeir sendar sem tilheyra þjóðvegaverkefni (GSM I) sem styrkt var af fjarskiptasjóði. Segir Síminn alla sína keppinauta, þ.e. Vodafone, IP fjarskipti ehf. (Tal) og Nova nota 2G farsímanet Vodafone fyrir farsímaþjónustu sína á smásölustigi.

Um þá kvöð sem PFS lagði á Símann með ákvörðun nr. 4/2007 um að birta umrætt viðmiðunartilboð segir Síminn:

„Síminn hefur nú þegar uppfyllt þá kvöð sem lögð er á félagið í kafla 2.1.3. í hinni tilvitnuðu ákvörðun um birtingu viðmiðunartilboðs fyrir endursöluaðgang og sýndarnetsaðgang að 2G farsímaneti félagsins. Upphafleg tilboð voru birt 28. apríl 2008. Breytt viðmiðunartilboð var birt 1. júní 2008 og það viðmiðunartilboð sem nú er til umsagnar var birt 1. janúar 2009. Tekið skal fram að frá birtingu viðmiðunartilboðs um endursöluaðgang þann 28. apríl 2008 hafa viðmiðunartilboðin markað þann grundvöll sem gildir í viðskiptum á milli heildsölu- og smásölustigs Símans. Með því hefur jafnræði verið tryggt gagnvart keppinautum félagsins, sbr. kvöð sem lögð er á í 2.1.2. kafla ákvörðunarinnar. Auk þess hafa allar aðrar kvaðir sem lagðar voru á af hálfu PFS með ákvörðun á fjarskiptamarkaði 15 verið uppfylltar.

Síminn telur sig jafnframt hafa sýnt í verki vilja til að fá endursöluaðila inn á netið hjá sér þar sem það getur verið ábataamt að fjölga notendum á fjarskiptaneti sem getur annað

<sup>12</sup> Vísar Síminn til tölfraeðiskýrslu sem PFS birti: Tölfraedi um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2008, tafla 9, þar sem markaðshlutdeild Símans mæld í fjölda áskrifenda er metin 50,7%.

aukinni umferð. Eins og fram hefur komið í fyrri samskiptum Símans og PFS hafa fyrirvarsmenn Tals m.a. lýst því yfir að félagið telji samninginn við Símann góðan fyrir félagið. Sá samningur komst á á viðskiptaforsendum eftir frjálssar samningaviðræður.

Fjarskiptaeftirlit PFS á fyrst og fremst að miða að því að vinna gegn mögulegum samkeppnisvandamálum á fyrirfram skilgreindum fjarskiptamörkuðum eins og fjallað er um í kafla 7.3. í viðauka A við ákvörðun PFS nr. 4/2007. Með hliðsjón af þeim verulegu breytingum sem orðið hafa á markaðsgerðinni á fjarskiptamarkaði 15 og því að það viðmiðunartilboð endurspeglar samning sem komst á með frjálsum samningum, sbr. það sem rakið er hér að framan, verður ekki séð að yfirferð á viðmiðunartilboðum sé til þess fallið að leysa samkeppnisvandamál.

Með vísan til framanritaðs skorar Síminn á PFS að láta af samráði vegna viðmiðunartilboða um endursöluáðgang og sýndarnetsáðgang að farsímaneti Símans og noti þess í stað mannafla sinn til að hraða endurskoðun á markaðsgreiningu á fjarskiptamarkaði 15. Slík forgangsröðun er í samræmi við þá gerjun sem orðið hefur á markaðnum á síðastliðnum árum. Jafnframt væri slík ráðstöfun í samræmi við tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um fyrirfram skilgreinda fjarskiptamarkaði<sup>13</sup>, þar sem fjarskiptamarkaður 15 er ekki lengur einn af þeim fjarskiptamörkuðum sem teljast til þeirra fjarskiptamarkaða þar sem fyrirfram eru taldar líkur á að ekki ríki virk samkeppni.“

#### **5.1.1.2 Krafa um að kvöð um birtingu viðmiðunartilboðs verði afturkölluð**

Fallist PFS ekki á framangreinda áskorun Símans um að láta af samráði um umrædd viðmiðunartilboð krefst Síminn þess að PFS afturkalli kvöð um að Símanum beri að birta viðmiðunartilboð sitt opinberlega þar sem Síminn telur þá kvöð vinna gegn samkeppni. Lítur Síminn svo á að nú ríki samkeppni á markaðinum þar sem Síminn og Vodafone reka í raun tvö jafnstæð farsímanet. Segir Síminn það fela í sér verulegt misvægi milli keppinauta með markaðsstyrk að annað fyrirtækið skuli bera eins víðtækar kvaðir og hér um ræðir á meðan hitt sé alveg laust við eftirlit af þessu tagi frá PFS. Telur Síminn þetta misvægi vera farið að vinna gegn samkeppni á markaðinum. Þá segir Síminn:

„Síminn hefur undanfarið lagt sig fram um að fá endursöluáðila inn á farsímanet sitt. Grunnur að samningaviðræðum við endursöluáðila og sýndarnetsrekendur eru viðmiðunartilboð Símans. Þegar Síminn og Vodafone keppast um að ná þeim aðilum inn á farsímanet sín liggur tilboð Símans fyrir opnum tjöldum og því hægur vandi fyrir Vodafone að gera tilboð sitt þannig úr garði að það félag tryggi sér viðskiptin. Kvaðir sem hvíla á Símanum umfram Vodafone endurspeгла því ekki að það er raunveruleg samkeppni á milli Símans og Vodafone um þau farsímafyrirtæki sem ekki hafa yfir að ráða landsdekkandi farsímaneti, ýmist í reiki, endursölu eða með sýndarneti.

Síminn gerir sér grein fyrir því að nauðsynlegt er að framkvæma nýja markaðsgreiningu til að meta stöðuna á markaðnum og afnema kvaðir á Símann verði það niðurstaðan að Síminn hafi ekki umtalsverðan markaðsstyrk á markaðnum. Því telur Síminn ekki

<sup>13</sup> EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY RECOMMENDATION of 5 November 2008 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to ex ante regulation in accordance with the Act referred to at point 5c1 of Annex XI to the EEA Agreement (Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services), as adapted by Protocol I thereto and by the sectoral adaptations contained in Annex XI to that Agreement.

raunhæft að gera kröfu um að ákvörðun nr. 4/2007 verði afturkölluð í heild sinni á þessu stigi málsins. Á hinn bóginn telur Síminn að afturköllun á þeirri kvöð að *birta* viðmiðunartilboð muni leiða til aukinnar samkeppni og jafna þann aðstöðumun sem er á milli Símans og Vodafone í samkeppninni um að fá farsímaþjónustuveitendur inn á net sín.“

Segir Síminn að í þessari kröfu fyrirtækisins felist ekki að Símanum beri ekki að vinna að gerð viðmiðunartilboða og samninga við aðila sem óska eftir aðgangi að farsímaneti Símans heldur að tilboðin verði einungis send PFS til yfirferðar. PFS yrði, eins og skylt er, send afrit af þeim samningum sem komast á um aðgang að farsímaneti Símans.

Styður Síminn framangreinda kröfu sína með vísan til 1. tl. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 með eftirfarandi rökum:

„Síminn telur skilyrði 1. tl. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 vera uppfyllt. PFS getur afturkallað ákvörðunina að eigin frumkvæði og því þarf ekki sérstaka og umfangsmikla málsmeðferð til. Ljóst er að afturköllun myndi ekki leiða til tjóns fyrir aðila og skilyrði ákvæðisins því uppfyllt. Afturköllun á grundvelli 1. tl. 25. gr. stjórnarsýslulaga er nátengd meðalhófsreglu 12. gr. sömu laga. Efnislega fjallar það ákvæði um að stjórnvald skuli velja vægasta úrræði sem völ er á til að ná því markmiði sem að er stefnt. Afnáam skyldu til að birta viðmiðunartilboð hefur ekki áhrif á skyldu til að ganga til samninga um aðgang að farsímaneti Símans og útbúa viðmiðunartilboð. Skyldan til þess að gera viðmiðunartilboð og veita aðgang að farsímaneti Símans þar sem jafnræði aðila er tryggt nær því markmiði sem að er stefnt með ákvörðun 4/2007. Afturköllun þess þáttar sem snýr að birtingu viðmiðunartilboðs styður frekar það markmið sem að er stefnt um að efla virka samkeppni á markaðnum og er kjarnaatriði í löggjöf um fjarskipti, sbr. 2. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, með síðari breytingum.“

### **5.1.1.3 Krafa um að Símanum verði ekki gert skylt að birta trúnaðarupplýsingar í viðmiðunartilboðinu**

Geti PFS ekki fallist á framangreinda kröfu Símans um að afturkalla kvöð um birtingu viðmiðunartilboðs gerir Síminn þá kröfu að fyrirtækinu verði ekki gert skylt að birta trúnaðarupplýsingar í viðmiðunartilboðinu. Þá einkum verðskrár og aðra kostnaðarliði sem Síminn telur eðlilegt að leynt fari. Telur Síminn það óeðlilegt í samkeppnislegu tilliti að keppinautur Símans á þessum markaði geti ávallt skoðað hvað Síminn býður viðsejndum sínum.

Um lagaheimild fyrir framangreindri undanþágu vísar Síminn í 2. másl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Þar sem segir að heimilt sé að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Segir Síminn að verðskrár og kostnaðarupplýsingar séu viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og telst því skilyrði ákvæðisins um að veitt sé undanþága frá skyldunni til að birta þær vera uppfyllt með vísan til framangreinds rökstuðnings.



## 5.1.2 Niðurstaða PFS um almennar athugasemdir og kröfur Símans

### 5.1.2.1 Almenn

Í ljósi sterkrar stöðu Símans á farsímamarkaði og til að stuðla að aukinni samkeppni og tryggja hagsmuni neytenda var að mati PFS nauðsynlegt að leggja á Símann allar þær kvaðir sem ákvörðun PFS nr. 4/2007 kveður á um. Þegar umræddar kvaðir voru lagðar á var ljóst að þær yrðu einhver byrði fyrir Símann en þar sem aðrar kvaðir þóttu ekki henta betur til að ná tilætluðum árangri taldi PFS að sú byrði sem þær hefðu í för með sér fyrir Símann ætti ekki að ráða úrslitum um álagningu þeirra. Mat PFS það svo að þessar kvaðir væru í samræmi við meðalhóf og fælu ekki í sér meiri byrðar en nauðsynlegt var. Auk þess þóttu þær forsvaranlegar með hliðsjón af upphaflegri fjárfestingu Símans og þeirri áhættu sem tekin var með fjárfestingunni. Voru þessar kvaðir því lagðar á í þágu samkeppni til lengri tíma litið og þóttu til þess fallnar að auka framboð á farsímajónustu.<sup>14</sup> Eins og fram hefur komið var ákvörðun PFS nr. 4/2007 staðfest af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála þann 3. júlí 2007. Í úrskurðinum hafnar nefndin kröfu Símans um að kvaðir séu felldar niður eða þær mildaðar og tekur nefndin sérstaklega fram að álagning kvaða um aðgang að GSM-neti, jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá gangi ekki lengra en efni standa til.<sup>15</sup>

Eins og gerð var grein fyrir í kafla 3 hér að framan birti PFS ákvörðun sína nr. 4/2007 þann 5. febrúar 2007. Síminn birti hins vegar ekki hlutaðeigandi viðmiðunartilboð sín fyrr en fyrst 28. apríl 2008, þ.e. næstum 15 mánuðum eftir að umrædd kvöð um birtingu viðmiðunartilboðs var lögð á Símann. Endurskoðuð viðmiðunartilboð Símans um aðgang að farsímaneti fyrirtækisins voru síðan birt þann 1. júní 2008 og óskaði PFS eftir afstöðu hagsmunaaðila til viðmiðunartilboðanna stuttu síðar. Í kjölfar breytinga á viðmiðunartilboðum Símans birti Síminn uppfærð viðmiðunartilboð 1. janúar 2009 og þótti PFS því rétt, eins og gerð var grein fyrir í kafla 4 hér á undan, að efna til samráðs hagsmunaaðila að nýju.

Drög að ákvörðun þessari voru kynnt Símanum með bréfi PFS, dags. 26. júní 2009, og Símanum þá veitt færi á að koma að athugasemdum við fyrirhugaðar ákvarðanir PFS um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboðs um endursöluaðgang og viðmiðunartilboðs um sýndarnetsaðgang að farsímaneti félagsins. Upphaflegur svarfrestur var framlengdur til 16. september 2009 að beiðni Símans.

### 5.1.2.2 Um áskorun Símans um að PFS falli frá samráði um viðmiðunartilboð og hraði frekar endurskoðun markaðsgreiningar

Sú töf sem orðið hefur á endurskoðun PFS á viðmiðunartilboði þessu má að mestu rekja til hve langan tíma það tók Símann að afhenda tilskilin gögn og þess samráðsferlis sem lýst er í 3. kafla hér á undan, sem að þessu sinni tók óvenju langan tíma, m.a. vegna breytinga sem Síminn gerði á tilboðinu. Þær kvaðir sem lagðar voru á Símann með ákvörðun PFS nr. 4/2007 gilda hins vegar enn og munu gera það þar til hlutaðeigandi markaður verður greindur að nýju, sbr. 17. gr. fjarskiptalaga. Að mati PFS er mikilvægt að allar þær kvaðir sem lagðar voru á Símann með ákvörðun nr. 4/2007 verði uppfylltar eins og kostur er áður en stofnunin

<sup>14</sup> 420. málsgrein, bls. 102, í viðauka A með ákvörðun PFS nr. 4/2007.

<sup>15</sup> Úrskurður [Nr. 2/2007](#) - Síminn hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun og Og fjarskiptum ehf., frá 3.júlí 2007.

endurskoðar markaðsgreiningu á þessum markaði, enda er það stór hluti af greiningu PFS að meta hvaða árangri álagðar kvaðir hafa skilað.

Gert er ráð fyrir að markaðsgreiningar séu viðvarandi ferli og er almennt miðað við að þær séu endurteknaðar á 2-3 ára fresti og fyrr ef kostur er og aðstæður breytast sem kalla á endurskoðun. Markaðsgreining á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum er nú í vinnslu hjá PFS og hvetur PFS Símann til að koma á framfæri framangreindum sjónarmiðum sínum í innanlandssamráði um þá markaðsgreiningu þegar þar að kemur.

Ljóst er að tilgangur markaðsgreiningar er að skera úr um hvort samkeppni sé virk á þeim mörkuðum sem skilgreindir hafa verið og að taka ákvörðun um að leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild. Verði það mat stofnunarinnar að lokinni markaðsgreiningu að allar eða hluti þeirra kvaða sem lagaðar voru á Símann á markaði 15 hafi skilað fullnægjandi árangri, þ.e. að koma á virkri samkeppni á viðkomandi markaði, verða þær felldar niður með formlegri ákvörðun stofnunarinnar í samræmi við ákvæði 17. gr. fjarskiptalaga. Í þessu samandi skal áréttá mikilvægi þess að álagðar kvaðir verði uppfylltar eins og kostur er áður en markaðsgreining fer fram að nýju. Þangað til ný ákvörðun liggur fyrir, á grundvelli endurskoðaðrar markaðsgreiningar, gilda álagðar kvaðir í samræmi við ákvörðun PFS nr. 4/2007.

Að framangreindu virtu getur PFS ekki orðið við áskorun Símans um að láta af samráði vegna viðmiðunartilboða um endursöluáðgang og sýndarnetsaðgang að farsímaneti Símans.

### 5.1.2.3 Um kröfu Símans um að kvöð um birtingu viðmiðunartilboðs verði afturkölluð

Síminn styður kröfu þessa með vísan til 1. töl. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 þar sem segir að stjórnvald geti afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði þegar það er ekki til tjóns fyrir aðila. Með vísan til þessa krefst Síminn þess að PFS afturkalli ákvörðun um kvöð um birtingu viðmiðunartilboða þar sem það muni að mati Símans ekki leiða til tjóns fyrir aðila og telur Síminn skilyrði ákvæðisins því uppfyllt.

Í þessu sambandi vill PFS minna á fyrrnefnt ákvæði 17. gr. fjarskiptalaga, þá sérstaklega 1. málsl. 2. mgr. ákvæðisins sem hljóðar svo:

„**Markaðsgreiningin** skal vera grundvöllur **ákvörðunar** um hvort Póst- og fjarskiptastofnun skuli leggja á, viðhalda, **breyta** eða **fella niður** kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk<sup>1)</sup> skv. 18. gr.“ (feitletrun PFS)

Með ákvörðun PFS nr. 4/2007 var lögð kvöð á Símann um gagnsæi sem fól í sér að Símanum er skylt að birta viðmiðunartilboð fyrir aðgang að farsímaneti fyrirtækisins. Eins og sjá má af framangreindu ákvæði 17. gr. fjarskiptalaga verður þessi kvöð ekki felld niður nema með formlegri ákvörðun PFS að undangenginni markaðsgreiningu stofnunarinnar.

Í kafla 4 hér á undan var gerð skýr grein fyrir tilgangi og mikilvægi þess að viðmiðunartilboð séu birt og aðgengileg nýjum aðilum sem hafa hug á að koma inn á markaðinn. Komið hefur fram að skilmálar sem gilda fyrir aðgang að netum og þjónustu skipta miklu máli fyrir þessa



aðila og geta haft úrslitaáhrif á möguleika þeirra til að vinna sér markaðshlutdeild. Samkeppnisstaða þessara aðila er í hættu ef þau búa við mismunandi skilmála. Á birting viðmiðunartilboðs því að gefa öllum markaðsaðilum kost á að sjá hvað er í boði og tryggja þannig að fyrirtæki verði ekki krafín um greiðslu fyrir þjónustu og aðstöðu sem er þeim ekki nauðsynleg, sbr. nánar í kafla 5.4.1.3 í viðauka A með ákvörðun PFS nr. 4/2007.

Að mati PFS þjónar viðmiðunartilboð sem ekki er birt og aðgengilegt þeim sem hafa hug á innkomu á umræddan markað litlum tilgangi. Í greiningu PFS á markaðinum kemur skýrlega fram að PFS telur nauðsynlegt fyrir innkomu þjónustuaðila að til séu viðmiðunartilboð um aðgang að farsímakerfi Símans. Þó er lögð áhersla á að aðilar geti samið um annað en fram kemur í viðmiðunartilboðinu en það skal vera opinbert og bjóðast einnig öðrum aðilum.<sup>16</sup>

Umræddar kvaðir um birtingu viðmiðunartilboða og eftirlit með gjaldskrá voru því m.a. lagðar á vegna þess að PFS taldi það nauðsynlegt að greiða fyrir aðgangi sjálfstæðra þjónustuaðila að GSM farsímamarkaði og til að tryggja að verð fyrir aðgang sé sanngjarnt og eðlilegt og byggt á kostnaði. Sú staðreynd að Síminn er í dag eini aðilinn sem selur aðgang að farsímaneti félagsins í smásölu styður að mati PFS nauðsyn þess að umræddri kvöð sé viðhaldið. Sú fullyrðing Símans að afturköllun á kvöð um birtingu viðmiðunartilboðs muni ekki leiða til tjóns fyrir aðila er aðeins rökstudd með hliðsjón af hagsmunum Símans. Kvöð þessi var hins vegar lögð á með hagsmuni hugsanlegra samkeppnisaðila og neytenda að leiðarljósi og því telur PFS ekki tímabært að falla frá eða afturkalla kvöð um birtingu viðmiðunartilboðs fyrr en leitt hefur verið í ljós að kvöðin hafi skilað tilætluðum árangri eða aðstæður hafa breyst. Verður framangreint ekki leitt í ljós fyrr en endurskoðuð markaðsgreining liggur fyrir og ný ákvörðun PFS um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum hefur verið birt.

Með vísan til framangreinds er kröfu Símans um að kvöð um birtingu viðmiðunartilboða verði afturkölluð hafnað.

#### **5.1.2.4 Um kröfu Símans um að fyrirtækinu verði ekki gert skylt að birta trúnaðarupplýsingar í hlutaðeigandi viðmiðunartilboðum**

Eins og fram kemur í 2. málsl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga er heimilt að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Að mati Símans eru verðskrár og kostnaðarupplýsingar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og telur Síminn óeðlilegt í samkeppnislegu tilliti að keppinautur Símans á hlutaðeigandi markaði geti ávallt skoðað hvað Síminn býður viðsemjendum sínum sem óska eftir endursöluaðgangi. Með vísan til þessa telur Síminn skilyrði ákvæðisins um að veitt sé undanþága frá skyldunni til að birta umræddar trúnaðarupplýsingar vera uppfyllt.

Í ákvörðun PFS nr. 4/2007 kemur skýrlega fram að Síminn skuli birta aðgangsverð fyrir endursölu í viðmiðunartilboði fyrir aðgang að farsímaneti sínu, sbr. kafla 2.1.5, og hefur tilgangur þessara kvaðar verið útskýrður hér á undan, sem og í umræddri ákvörðun.

<sup>16</sup> 372 málsgrein, bls. 93 í viðauka A með ákvörðun PFS nr. 4/2007.

Meginreglan er sú að aðilar semji sín á milli um verð fyrir aðgang sem tekur mið af þeim viðmiðunartilboðum sem Síminn birtir, sbr. kafli 7.4.1.3. í viðauka A með ákvörðun PFS nr. 4/2007. Í sömu ákvörðun kemur fram að viðmiðunartilboðin verða innihalda einhverjar upplýsingar um verð og þess vegna lagði PFS til að byrjað yrði að styðjast við smásöluverð mínus aðferðina við ákvörðun á aðgangsverði fyrir sýndarnet og endursölu þar til kostnaðargreining Símans á farsímaneti fyrirtækisins lægi fyrir.<sup>17</sup> Síminn hefur nú afhent PFS kostnaðargreiningu á heildsöluverðum í farsímaneti fyrirtækisins og má vænta þess að yfirferð hennar ljúki von bráðar hjá PFS.

Í ljósi þess að PFS hefur ekki samþykkt kostnaðargreinda verðskrá Símans telur stofnunin ótímabært að taka afstöðu til kröfu fyrirtækisins um að hún skuli vera undanþegin opinberri birtingu, sbr. 2. másl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga.

Samkvæmt þessu skal bráðabirgðaverðskrá Símans vera opinber, þ.e. sú verðskrá sem Síminn birtir nú þegar á heimasíðu fyrirtækisins, enda hefur til þessa ekki hvílt leynd yfir henni. Þegar PFS hefur farið yfir kostnaðargreind verð Símans, og hugsanlega mælt fyrir um breytingar á þeim, mun stofnunin taka afstöðu til kröfu Símans um að verðskráin skuli vera undanþegin opinberri birtingu.

Með vísan til ofangreinds fellst PFS ekki, að svo stöddu, á kröfu Símans um að fyrirtækinu verði ekki gert skylt að birta trúnaðarupplýsingar í viðmiðunartilboðinu. Tekin verður afstaða til þessara kröfu Símans í sérstakri ákvörðun PFS um kostnaðargreiningu fyrir umræddan markað.

## 5.2 Einstakir skilmálar viðmiðunartilboðsins

### 5.3 Skilmáli 1.3.2 - Samningur milli Símans og viðsemjanda er í gildi

*„Þegar í gildi er samningur um endursöluaðgang milli Símans og viðsemjanda leysir nýtt viðmiðunartilboð um sýndarnetsaðgang [á væntanlega að vera endursöluaðgang] gildandi samning af hólmi og gildir eftirleidis sem samningur félaganna, án sérstakrar undirskriftar, nema samningsaðilar semji um að samningurinn taki gildi fyrr.“*

#### 5.3.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

Að mati PFS verður viðsemjanda Símans í tilvikum sem þessum að vera veittur a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfrestur á gildandi samningi vilji hann ekki fallast á skilmála nýs viðmiðunartilboðs sem á að leysa gildandi samning aðila að hólmi.

#### 5.3.2 Athugasemdir Símans

Um framangreindar athugasemdir PFS við þessum skilmála segir Síminn:

„Síminn kynnir PFS með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, fyrirhugaðar breytingar á viðmiðunartilboði. Í því umsagnarferli PFS sem fylgir, gefst viðsemjanda og Símanum tækifæri til að koma að sínum athugasemdum við einstaka þætt nýs viðmiðunartilboðs, sem ágreiningur stendur um. Kveðið er á um úrlausn ágreinings um efni viðmiðunartilboðs í gr. 1.4 Breytingar á samningi (skv. áformuðum breytingum PFS á 2. mgr.):

<sup>17</sup> 394 málsgrein í viðauka A með ákvörðun PFS nr. 4/2007.



„Geti viðsemjandi Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni viðmiðunartilboðs/samnings um endursöluaðgang til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar. Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um endursöluaðgang „ á vef sínum.“

Síminn gerir fyrirvara um að ofangreind 2. mgr. nær einungis til ágreinings um þá þætti sem falla undir markað 15.

Í ljósi þess að ákvæði nýs viðmiðunartilboðs, sem ágreiningur stendur um, tekur ekki gildi fyrr en að ákvörðun PFS þar um liggur fyrir, virðist eðlilegt að einungis í því tilviki að viðsemjandi geti ekki sætt sig við úrskurð PFS um ágreiningsatriði, sé honum frjálst að segja upp samningi sínum við Símann. Er þá eðlilegt að uppsagnarfrestur miðist frá þeim tíma er úrskurður PFS liggur fyrir og sé 6 mánuðir, en á þeim tíma gildi ákvæði gamla samningsins (sjá nánar gr. 9 og þær tilvísanir sem þar eru). Að þeim tíma liðnum falli samningurinn úr gildi.

Segi viðsemjandi upp gildandi samningi við útkomu nýs viðmiðunartilboðs, í samræmi við ofanritað, leysir það viðsemjanda ekki frá þeim skilmálum sem gilda og tilgreindir eru í Viðauka 1, gr. 4, varðandi greiðslur til Símans.“

### 5.3.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Þegar endurskoðað viðmiðunartilboð Símans hefur hlotið samþykki PFS telur stofnunin að þá reyni fyrst og fremst á skilmála 1.4 (Breytingar á samningi). Þau sjónarmið sem Síminn setur fram í þessu sambandi hér að ofan fjallar PFS um í kaflanum hér á eftir um skilmála 1.4.

Hvað varðar fyrirvara Símans um að 2. mgr. skilmála 1.4. hér á eftir nái einungis til ágreinings um þá þætti sem falla undir markað 15 getur PFS fallist á að ágreiningur Símans og viðsemjanda hans varðandi efni viðmiðunartilboðs verður að falla innan marka kvaðarinnar á þeim markaði sem hún er reist á. Hins vegar verður að horfa til þess að skilmálar viðmiðunartilboðs geta haft áhrif á tengda markaði og verður því ávallt að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort að fari um ágreining samkvæmt ofangreindri 2. mgr.

Að öðru leyti getur PFS fallist á sjónarmið Símans um 6 mánaða uppsagnarfrest.

Með vísun til ofangreinds skal skilmáli 1.3.2 í viðmiðunartilboði Símans orðast með eftirfarandi hætti:

***Þegar í gildi er samningur um endursöluaðgang milli Símans og viðsemjanda skal viðsemjanda veittur a.m.k. 6 mánaða uppsagnarfrestur áður en nýtt viðmiðunartilboð um endursöluaðgang leysir gildandi samning af hólmi. Að þeim tíma liðnum gildir viðmiðunartilboðið sem samningur aðila, án sérstakrar undirskriftar, nema samningsaðilar semji um að samningurinn taki gildi fyrr.***

## 5.4 Skilmáli 1.4 - Breytingar á samningi

„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um endursöluaðgang milli Símans og viðsemjanda hans. Geti viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi



*þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs/samnings um endursöluáðgang til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.*

*Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs skal skýra eldri samninga með hliðsjón af hinum breyttu ákvæðum viðmiðunartilboðsins. Að jafnaði er ekki litið svo á að til þurfi að koma sérstök undirskrift Símans og viðsemjenda vegna breytinga á efni samninga, í hvert sinn sem viðmiðunartilboði er breytt. Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um endursöluáðgang“ á vef sínum.“*

#### **5.4.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum**

Telur PFS rétt að breyta þessum skilmála til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á samhljóða skilmála í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta með ákvörðun PFS nr. 11/2009 frá 23. júní sl. Með vísun til röksemdarfærslu í kafla 3.2.3 í framangreindri ákvörðun PFS telur PFS rétt að fyrsti málsliður 2. mgr. verði felldur brott

#### **5.4.2 Athugasemdir Símans**

Síminn leggur til, í samræmi við athugasemdir fyrirtækisins hér að framan um að PFS afturkalli kvöð um að Símanum beri að birta viðmiðunartilboð sitt opinberlega, að skilmálinn verði svohljóðandi:

*Nýtt viðmiðunartilboð skal sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um endursöluáðgang milli Símans og viðsemjanda hans.*

*Geti viðsemjandi Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs/samnings um endursöluáðgang til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.*

Úr skilmálanum hefur verið afmáð skyldan til að birta tilboðið opinberlega.

#### **5.4.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar**

Í kafla 5.1.2.3 hér á undan fjallar PFS um kröfu Símans um að PFS afturkalli kvöð um að Símanum beri að birta viðmiðunartilboð sitt opinberlega. Á grundvelli þeirra raka sem þar er að finna hafnar PFS þessari kröfu Símans. Með vísan til svars PFS við framangreindri kröfu Símans skal orðalag skilmála 1.4 vera svohljóðandi:

*Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um endursöluáðgang milli Símans og viðsemjanda hans.*

*Geti viðsemjandi Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs/samnings um endursöluáðgang til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.*

*Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um endursöluáðgang“ á vef sínum.*

### **5.5 Skilmáli 2.1 - Grunnkröfur sem gerðar eru til viðsemjanda**

*„Viðsemjandi skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til þess að öðlast rétt á endursöluáðgangi samkvæmt samningi þessum:*



- a) Þjónusta á útbreiðslusvæðum samkvæmt samningnum takmarkast við SIM-kort með IMSI númeraröðum sem viðsemjanda hefur verið úthlutað úr IMSI seríu Símans (sjá nánar viðauka 7.) og fela í sér íslenska land- og netkóða eins og skilgreint er í ETSI stöðlum, að því gefnu að sömu IMSI númerum sé ekki veittur aðgangur að öðrum farsímakerfum sem rekin eru á Íslandi.
- b) Viðsemjandi skal hafa almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, sbr. III. kafla fjarskiptalaga nr. 81/2003, með síðari breytingum, skal hafa fengið úthlutað númerum í samræmi við IV. kafla laganna og fullnægja öðrum lagaskilyrðum um fjarskiptastarfsemi hverju sinni.
- c) Viðsemjandi skal veita eigin áskrifendum ásættanlega þjónustu að því er varðar hæfilega nýtingu fjarskiptanetanna.
- d) Viðsemjandi skal veita þjónustu sem veldur ekki óeðlilegu álagi á farsíma- eða öðrum fjarskiptakerfum og samræmist réttmætum og eðlilegum viðskiptaháttum.
- e) Viðsemjanda er óheimilt að endurselja eða leigja frá sér rekstrarþætti eða tengingu tengda starfsemi fjarskiptanetanna, hver sem hún kynni að vera, samkvæmt ákvæðum þessa samnings, til þriðja aðila, án skriflegs samþykkis Símans.
- f) Notkun viðsemjanda skal vera í samræmi við viðkomandi tæknilýsingar ETSI og skjöl GSM Association Permanent Reference.
- g) Merki, viðskiptaheiti og vörumerki Símans eru eign Símans og viðsemjanda er ekki heimilt að gera tilkall til neins konar réttindi að því er slíkt varðar eða nein önnur hugverkaréttindi úr hendi Símans. Viðsemjandi má ekki nota slík merki án þess að hafa aflað fyrirfram samþykkis Símans. Samt sem áður er það sameiginlegur skilningur að GSM-tæknilýsingarnar gera ráð fyrir því að nafn fjarskiptanets sem heimsótt er megi birtast á skjá farsíma og að slíkt fyrirkomulag fari eftir því um hvaða farsímastöð sé að ræða.
- h) Báðir aðilar skulu ganga úr skugga um að lögboðnum fyrirmælum um persónuvernd sé fylgt í tengslum við notkun fjarskiptanetanna.“

### 5.5.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

Bent hefur verið á að með skilyrði því sem um getur í a-lið þessa skilmála sé útilokað að viðsemjandi sé með SIM-kort frá öðrum farsímafélögum.

PFS telur það ekki vera óeðlilega kröfu af hálfu Símans að SIM-kort úr IMSI númeraröðum fyrirtækisins séu ekki tengd við önnur farsímanet. Hins vegar er það ekki skilningur PFS að skilmálinn komi í veg fyrir að viðsemjandi Símans, sem svo kýs, geti verið með tvískipt eða tvö SIM kort og þar með verið með aðgang að öðru farsímaneti til viðbótar við net Símans.

Þar sem markmið þess að leggja aðgangskvöð á Símann er að opna farsímaþjónustunni fyrir aukinni samkeppni telur PFS að það þurfi að taka af allan vafa um að endursölusamningur við Símann útiloki viðsemjanda ekki frá því að gera samninga um endursölu á farsímaþjónustu annarra farsímafyrirtækja.

Þá gerir PFS athugasemd við c-lið skilmálans þess efnis að viðsemjandi skuli veita eigin áskrifendum ásættanlega þjónustu að því er varðar hæfilega nýtingu fjarskiptanetanna. PFS telur það ekki vera hlutverk Símans að fara með ákvörðunarvald um það hvað sé ásættanleg þjónusta hjá samkeppnisaðilum sínum, jafnvel þó svo á milli þeirra sé samnings samband um endursölu. Ekki er að finna nánari tilgreiningu á því hvað teljist vera ásættanleg þjónusta varðandi nýtingu neta. Um er að ræða almennt og óljóst matsatriði sem alls ekki getur verið forsenda fyrir synjun samningsgerðar að hálfu Símans. Ef tilgangur skilmálans er að tryggja ákveðið lágmarksmagn af fjarskiptaumferð viðsemjanda um net Símans verður ekki, án



frekari rökstuðnings af hálfu Símans, talið að það fái samrýmt aðgangskvöðinni um endursöluaðgang. Af þessum sökum leggur PFS það til að c-liður skilmála 2.1. verði felldur brott.

### 5.5.2 Athugasemdir Símans

Síminn bendir á að viðsemjanda sé frjálst að vera með endursölusamning við fleiri en eitt farsímafyrtæki. Hins vegar er ekki tæknilega framkvæmanlegt að notendur farsímaþjónustunnar séu á sama tíma með endursöluaðgang að fleiri en einu farsímaneti, heldur þurfa þeir að velja hjá viðsemjanda, á hvaða farsímaneti þeir vilja vera, bjóði endursali aðgang að fleira en einu farsímaneti. Sama símanúmer getur aldrei verið skilgreint hjá fleiri en einum rekstraraðila á sama tíma.

Síminn gerir ekki athugasemdir við að felldur verði út c-liður skilmála 2.1, þar sem fallist er á að orðalag er ekki nægilega skýrt og d-liður tekur jafnframt á því viðfangsefni sem um ræðir.

### 5.5.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

PFS tekur undir framangreindar athugasemdir Símans og telur rétt að fram komi, til að forðast allan misskilning, að þó viðsemjandi geti verið með endursölusamning við fleiri en eitt farsímafyrtæki getur hvert símanúmer, sem notendur viðsemjanda nota, aðeins verið skráð og í þjónustu hjá einum farsímaþjónustuveitanda hverju sinni.

Samkvæmt framangreindum athugasemdum PFS skulu eftirfarandi breytingar gerðar á skilmála 2.1:

Setning til viðbótar við a.-lið.:

*Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að viðsemjandi geti gert samninga um endursölu við önnur farsímafyrtæki, enda útvegi þau honum nauðsynleg númer og kóða til þess.*

**Skilmáli c-liðar er felldur brott.**

## 5.6 Skilmáli 2.2 - Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina – þjónustugæði/þjónustustig

- Hvor aðili ber ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum, þar með talið símsvörun, bilanarþjónusta og reikningagerð.*
- Hvor aðili innheimtir notkunargjöld hjá eigin viðskiptavinum.*
- Hvor aðili ber ábyrgð á því að viðhalda umsömdum þjónustugæðum og þjónustustigi.*
- Ekkert í samningi þessum má túlka eða skilja svo að einhvers konar samningssamband geti komist á eða að um slíkt sé að ræða milli Símans og viðskiptavina viðsemjanda.*
- Viðsemjandi skal halda Símanum skaðlausum af öllum kröfum viðskiptavina viðsemjanda, sem tengjast kunna notkun á endursöluaðgangi að farsímaneti Símans.*
- Að því er varðar tengingu notendabúnaðar við notkun útstöðva sem kann að hafa áhrif á eðlilega starfsemi fjarskiptanetanna þá verður viðskiptavinum viðsemjanda gert að sæta takmörkunum sem samsvara þeim sem gilda um aðra notendur farsímaneta Símans.*
- Verklagsreglur þær sem Síminn fer eftir í tengslum við skuldbindingar gagnvart lögreglu varðandi lögmæt inngríp og upplýsingar um notkun kunna að eiga við um notkun (umferð) til eða frá viðskiptavinum viðsemjanda. Samningsaðilar bera kostnað vegna eigin viðskiptavina.“*

### 5.6.1 Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Bent hefur verið á að þörf sé á að upplýsa með ítarlegri hætti hvernig framkvæmd seinni málsgreinar g-liðar er háttað, þar sem segir að samningsaðilar beri kostnað vegna eigin viðskiptavina í tengslum við skuldbindingar gagnvart lögreglu. Vegna þessa vill PFS gera grein fyrir eftirfarandi:

Í 42. gr. fjarskiptalaga er fjallað um gögn um fjarskiptaumferð notenda. Segir þar í 3. mgr. að „fjarskiptafyrirtæki [skulu], í þágu rannsókna sakamála og almannaöryggis, varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði. Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notandanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, dagsetningar þeirra, hverjum var tengst og magn gagnaflutnings til viðkomandi notanda. Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja vörslu framangreindra gagna og er óheimilt að nota eða afhenda umræddar upplýsingar öðrum en lögreglu eða ákærvaldi í samræmi við ákvæði 3. mgr. 47. gr. Eyða ber umferðargögnunum að þessum tíma liðnum enda sé ekki þörf fyrir þau á grundvelli 2. mgr.“

Ákvæði þetta kom nýtt inn í lögum með lögum nr. 78/2005, um breytingar á lögum um fjarskipti. Hvað varðar hugsanlegan kostnað þessu tengdu segir í athugasemdum með ákvæði þessu í frumvarpi til laganna að „[g]ert er ráð fyrir að þessum gögnum verði safnað og þau varðveitt með þeim búnaði sem þegar er til staðar vegna annarrar vinnslu fyrirtækjanna auk nauðsynlegs geymslurýmis. Ekki er miðað [við] að fjárfest sé sérstaklega í tækjabúnaði vegna greiningarvinnu.“

Þá segir í 6. mgr. sama ákvæðis að „[ú]rvinnslu gagna samkvæmt þessari grein skulu þeir einir sinna sem eru undir stjórn fjarskiptafyrirtækja og sjá um gerð reikninga eða stjórnun fjarskiptaumferðar, fyrirspurnir notenda, uppljóstrun misferlis, markaðssetningu fjarskiptaþjónustu eða virðisaukandi þjónustu og skal úrvinnslan einskorðast við það sem er nauðsynlegt í þágu slíkrar starfsemi.“

Sé litið til framangreinds, og þeirrar staðreyndar að viðsemjandi Símans í því samningssambandi sem hér um ræðir býr ekki yfir neinum sjálfstæðum innviðum farsímaþjónustukerfis heldur kaupir nánast alla stoðþjónustu í heildsölu af Símanum, verður að telja ljóst að úrvinnsla gagna fer að mestu leyti, ef ekki öllu, fram hjá Símanum. Í því sambandi verður að telja óeðlilegt að Síminn beri hugsanlegan kostnað í tengslum úrvinnslu gagna fyrir lögreglu vegna umferðagagna viðskiptavina viðsemjanda Símans. Að mati PFS er eðlilegt að hvert fjarskiptafyrirtæki beri umræddan kostnað vegna eigin viðskiptavina, sama hver staða viðkomandi fjarskiptafyrirtækis er, þ.e. hversu mikla uppbyggingu í farsímakerfum og -netum hefur verið ráðist í.

Þá má benda á 7. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga, en samkvæmt henni ber fjarskiptafyrirtækjum sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk í aðgangi og upphafi símtala í almennum talsíma- eða farsímanetum, að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að búnaði til að fullnægja skyldu um löglega hlerun samkvæmt dómsúrskurði. Samkvæmt ákvæðinu skulu gjöld fyrir aðgang byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af



bundnu fjármagni. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem ákveður hvort aðgangur skuli veittur og á hvaða verði.

Með vísan til framgreindra forsendna telur PFS ekki vera tilefni til að hreyfa við umræddum skilmála.

Síminn gerir ekki athugasemdir.

## 5.7 Skilmáli 2.7 - Þagnarskylda o.fl.

*„Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp um verð eða aðra skilmála samnings þessa, að öðru leyti en því sem skylt er lögum samkvæmt og í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda.*

*Samningsaðilar skuldbinda sig jafnframt til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttakið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.*

*Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafí af broti á þessu ákvæði.*

*Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.*

*Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að samningsaðilar veiti ákærvaldi eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.*

*Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.“*

### 5.7.1 Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Þar sem PFS er það stjórnvald sem hefur með lögum verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum og fyrirtækjum á fjarskiptamarkaði þykir PFS ástæða til að sérstaklega verði tekið fram að þagnarskylda samkvæmt þessum skilmála komi ekki í veg fyrir að aðilar veiti Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Með vísun til ofangreinds skal orðinu „Póst- og fjarskiptastofnun“ bætt við 5. mgr. þessa skilmála og málsgreinin orðast svo:

***Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að samningsaðilar veiti ákærvaldi, Póst- og fjarskiptastofnun eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.***

Síminn gerir ekki athugasemdir.

## 5.8 Skilmáli 3.2 - Uppbygging á farsímaneti viðsemjanda

*„Nú ákveður viðsemjandi að setja upp miðlægan búnað og skulu samningsaðilar þá semja um sýndarnetsaðgang viðsemjanda að farsímaneti Símans. Mun þá samningur þessi um endursöluaðgang jafnframt falla úr gildi. Viðsemjandi skal tilkynna um ráðstöfun skv. þessari grein með að lágmarki 6 mánaða fyrirvara.“*



*„Sæki viðsemjandi um tíðnileyfi leiðir það til uppsagnar á samningi þessum og skulu aðilar þá jafnframt kanna grundvöll reikisamnings. Hyggist viðsemjandi fara í slíka uppbygginu eigin farsímanets, eða hætta fjarskiptarekstri sínum, skal það tilkynnt Símanum bréflega með sannanlegum hætti, með 6 mánaða fyrirvara. Sjá einnig 2. mgr. í gr. 8, skv. ákvæðum um uppsögn samnings og ákvæði 4. greinar í viðauka 1.“*

### **5.8.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum**

Eins og fram hefur komið eru samningar um endursölu, sýndarnet og reiki í raun þrepskipting á aðgangi að farsímaneti Símans eftir því hver staða hvers viðsemjanda er. Þegar um er að ræða hreina endursölu undir sjálfstæðu vörumerki býr endursöluaðili ekki yfir neinum sjálfstæðum innviðum farsímaþjónustukerfis og kaupir nánast alla stoðþjónustu í heildsölu. Þjónustuaðili sem kys meira frelsi til að geta boðið eigin þjónustu þarf að fjárfesta í eigin búnaði að einhverju leyti og uppfyllir þar að leiðandi ekki lengur skilyrði fyrir endursölu á farsímaþjónustu. Annars konar aðgangsform að farsímaneti Símans eða hjá öðru fjarskiptafyrirtæki sem rekur eigið farsímanet verður þá að koma til skoðunar.

Að mati PFS er ljóst að ef viðsemjandi Símans setur upp miðlægan búnað sem hann hyggst nota í tengslum við farsímaþjónustu sína leiðir það til þess að hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til þess að vera endursöluaðili farsímaþjónustu, eins og sú þjónusta er skilgreind í viðmiðunartilboði Símans. Þrátt fyrir það getur PFS ekki fallist á að uppsetning á miðlægum búnaði jafngildi uppsögn á þeim samningi sem í gildi er milli Símans og viðsemjanda auk þess að það skuldbindi viðsemjanda til að semja um sýndarnetsaðgang við Símann. Heldur telur PFS rétt og sanngjarnt að viðsemjandi sem hefur í hyggju að setja upp miðlægan búnað í þeim tilgangi að nota í tengslum við farsímaþjónustu sína verði að tilkynna Símanum um það bréflega með sannanlegum hætti með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara. Viðsemjanda er síðan frjálst að ákveða hvort hann kjósi að semja um sýndarnetsaðgang í stað endursöluaðgangs. Semji aðilar ekki innan þessara 3 mánaða fellur samningur aðila um endursöluaðgang úr gildi eða nánar tiltekið að 3 mánuðum liðnum eða frá þeim tímamarki sem starfsræksla miðlægs búnaðar viðsemjanda hefst

Með sömu rökum og hér að ofan telur PFS ekki rétt að það eitt að sækja um tíðniheimild feli í sér uppsögn á gildandi endursölusamningi aðila. Umsókn um tíðniheimild felur ekki í sér neina tryggingu fyrir úthlutun á því tíðnisviði sem sótt er um. Þá getur málsmeðferð við afgreiðslu umsókna um tíðniréttindi tekið töluverðan tíma, einkum ef úthlutun fer fram með útboði eða uppboði, en þá getur málsmeðferðarresturinn orðið allt að 8 mánuðir. Þannig hníga engin rök til þess að samningur um endursölu falli úr gildi frá því tímamarki að viðsemjandi leggur inn umsókn til PFS um tíðniheimild. Slíkur skilmáli getur einungis þjónað þeim tilgangi að gera viðsemjendum Símans erfiðara fyrir við að stíga frekari skref við að byggja upp eigin innviði fjarskiptakerfis með stigavaxandi fjárfestingum (e. ladder of investment).

Hins vegar má ljóst vera að skilyrði bresta fyrir endursöluaðgangi ef viðsemjandi öðlast tíðniheimild, byggir upp og hefur þjónustu á eigin farsímaneti. Hvenær viðsemjandi er kominn í þá stöðu að rétt og eðlilegt þyki að önnur aðgangsform, t.d. innanlandsreiki, taki við af endursölusamningi getur á hinn bóginn verið mismunandi eftir skilmálum tíðniheimildar viðsemjanda um uppbyggingu netsins. PFS telur varhugavert að samningur um endursölu falli

úr gildi áður en viðsemjandi er kominn í þá stöðu að geta veitt þjónustu um eigið net og rekstrargrundvellingum þannig kippt undan fyrirtæki hans varðandi þjónustu við sína viðskiptavini. PFS telur því rétt að miða upphaf þess að endursölusamningur geti fallið úr gildi vegna breyttra forsendna, þ.e. vegna eigin netreksturs viðsemjanda, við tilkynningu hans um upphaf notkunar á eigin neti.

### 5.8.2 Athugasemdir Símans

Um framangreindar athugasemdir PFS segir Síminn:

„Síminn telur að sú breyting sem PFS áformar að setja inn í viðmiðunartilboðið, þar sem viðsemjandi þarf einungis að tilkynna með þriggja mánaða fyrirvara um uppsetningu miðlægs búnaðar/uppyggingu á eigin farsímaneti, sem leiðir til þess að samningur um endursölu fellur úr gildi, sé allt of skammur. Innan umræddra þriggja mánaða getur viðsemjandi einnig þurft að kanna grundvöll samnings um annars konar aðgangsform að farsímaneti Símans. Við breytingar af þessum toga, þar sem viðsemjandi velur annað hvort að nýta áfram farsímanet Símans, í formi sýndarnetsaðgangs eða reikis, þá þarf Síminn ákveðinn aðlögunartíma til breytinga í kerfum sínum og með öllu óraunhæft að ekki liggi jafnvel fyrir hvert framhald verður, fyrr en um leið og umræddum þriggja mánaða tímabili lýkur.

Símanum er nauðsynlegt að hafa að lágmarki 6 mánuði til að breyta fjárfestingar- og rekstrarforsendum, en benda má á að fjárfestingaráætlanir eru gerðar til eins árs í senn og afgreiðslutími á nýjum búnaði er margir mánuðir.

Ljóst er að ef viðsemjandi velur að segja upp endursöluáðgangi að farsímaneti Símans, þarf Síminn að bregðast við með uppsögn sambanda, hugsanlega afþöntun búnaðar og almennt að draga úr afkastagetu farsímakerfisins og starfsemi tengdri þjónustu við viðsemjanda.

Frá því að niðurstaða um framhald tenginga viðsemjanda við kerfi Símans liggur fyrir, þarf Síminn að lágmarki 6 mánuði til að undirbúa og framkvæma þær breytingar, sem því fylgja í kerfum Símans. Má þar vísa til fordæma erlendis.

Í samræmi við ofanritað og til að stytta sem mest þann tíma sem undirbúningur viðsemjanda t.d. að sýndarnetsaðgangi tekur, þarf samhliða uppsögn að liggja fyrir hvert framhald verður á aðgangi viðsemjanda að farsímaneti Símans.“

### 5.8.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Getur PFS fallist á framangreind rök Símans fyrir því að umræddur þriggja mánaða uppsagnarfrestur sé of skammur og fellst því á að falla frá áformum um að stytta uppsagnarfrest í þrjá mánuði. Ekki þykir þó vera ástæða til þess að skylda viðsemjanda til að gera Símanum grein fyrir áformum sínum samhliða uppsögn á endursölusamningi. Í ljósi þess að samþykktur er 6 mánaða uppsagnarfrestur ætti Símanum að gefast nægt svigrúm, í viðræðum sínum við viðsemjanda, til að kanna hvort fyrir hendi sé grundvöllur að frekari viðskiptum, um t.d. sýndarnetsaðgang. Að öðru leyti og með vísun til röksemdarfærslu Símans og PFS hér á undan skal skilmáli 3.2 vera svohljóðandi:

*Nú ákveður viðsemjandi að setja upp miðlægan búnað skal hann þá tilkynna Símanum um þá ráðstöfun með að lágmarki 6 mánaða fyrirvara. Innan þess tíma getur viðsemjandi kannað grundvöll samnings um annars konar aðgangsform að farsímaneti Símans.*

*Nú ákveður viðsemjandi að fara í uppbyggingu á eigin farsímaneti og hefur fengið úthlutað tíðniheimild skal hann þá tilkynna Símanum um þá ráðstöfun með að lágmarki 6 mánaða fyrirvara áður en áætlað er taka eigin farsímanet á grundvelli tíðnileyfis í notkun. Innan þess tíma getur viðsemjandi kannað grundvöll reikisamnings að farsímaneti Símans.*

*Samningur þessi fellur úr gildi við undirskrift nýs samnings aðila um aðgang að farsímaneti Símans eða að 6 mánuðum liðnum frá tilkynningu viðsemjanda um fyrirhugaða starfsrækslu miðlægs búnaðar eða eigin farsímanets. Viðsemjanda er óheimilt að hefja starfsrækslu miðlægs búnaðar eða eigin farsímanets fyrr nema til prófana og með samþykki Símans.*

*Sjá einnig 2. mgr. í gr. 8, skv. skilmála um uppsögn samnings og skilmála 4. greinar í viðauka 1.*

## 5.9 Skilmáli 4.1.3 - Verðbreytingar

*„Síminn getur gert verðbreytingar á endursöluaðgangi og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 30 daga skriflegum fyrirvara. Samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum(markaður 15), frá 5. febrúar 2007, er Símanum óheimilt að gera verðbreytingar nema að fengnu fyrirfram samþykki stofnunarinnar. Verðbreytingar skv. ofangreindu eru því ávallt háðar fyrirframsamþykki PFS á meðan framangreind kvöð gildir gagnvart Símanum.“*

### 5.9.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

Póst- og fjarskiptastofnun telur eðlilegt að Síminn geti gert breytingar á verðskrá sinni fyrir endursöluaðgang. Verðbreytingar Símans taka þó ekki gildi nema að fengnu samþykki PFS, sbr. ákvörðun PFS nr. 4/2007, um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum(markaður 15), frá 5. febrúar 2007.<sup>18</sup> Hins vegar telur PFS 30 daga fyrirvara um verðbreytingar vera of stuttan, sé tekið mið af því að viðsemjandi Símans hefur sama frest að tilkynna viðskiptavinum sínum um verðbreytingar. Til að viðsemjandi Símans geti brugðist við gagnvart viðskiptavinum sínum og tilkynnt verðbreytingar með 30 daga fyrirvara eins og 3. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga kveður á um verður Síminn að tilkynna um allar verðbreytingar skv. þessum skilmála með a.m.k. 60 daga fyrirvara.

### 5.9.2 Athugasemdir Símans

Síminn telur 60 daga fyrirvara vera of langan. Að mati Símans verður ekki séð að viðsemjandi þurfi 30 daga til að koma upplýsingum um verðbreytingar til viðskipavina sinna (að teknu tilliti til þess fyrirvara sem þeim ber). Telur Síminn eðlilegra að miða við 40 daga fyrirvara á tilkynningum um verðbreytingar til viðsemjanda.

Auk þess telur Síminn að verulegir annmarkar séu á þessum áformuðu breytingum PFS varðandi einstaka þætti og bendir þar t.d. á verðbreytingar á reiki erlendis sem og verðlagningu á útlandasímtölum, þar sem verulegar kostnaðarbreytingar geta orðið með stuttum fyrirvara.

Segist Síminn ekki geta tekið á sig kostnað viðsemjanda af breytingum sem verða kunna á umræddri verðlagningu fyrir reiknaðgang erlendis. Það sé ekki á valdi Símans að ákveða

<sup>18</sup> Sjá kafla 2.1.5., bls. 4 í ákvörðun PFS um markað 15 ([PDF](#))

hvenær verðbreytingar verða á þeim markaði og því eðlilegt að viðsemjandi sitji við sama borð og Síminn hvað það varðar, ef hann kys að semja við Símann um aðgang að erlendu reiki.

Auk framangreinds telur Síminn rétt að ákvæði um verðbreytingar verði orðuð þannig að einungis verðbreytingar til hækkunar þarfnist samþykki PFS en ekki verðbreytingar sem bæta kjör endursöluaðila.

### 5.9.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

PFS getur fallist á að stytta fyrirvarann sem Síminn þarf að tilkynna um verðbreytingar áður en þær taka gildi gagnvart viðsemjanda. Að mati PFS er 40 daga fyrirvari fullnægjandi þar sem viðsemjandi hefur þá 10 daga til að gera nauðsynlegar ráðstafanir áður en hann tilkynnir viðskiptavinum um væntanlegar verðbreytingar sem taka gildi 30 dögum seinna.

Hvað varðar verðbreytingar á reikiverðum sérstaklega er ljóst að á evrópska efnahagssvæðinu (EES) gilda um það skýrar reglur, sbr. reikireglugerð Evrópusambandsins<sup>19</sup> sem og reglugerð nr. 1046/2008<sup>20</sup>, þar sem hámarksminútugjald, bæði í heild- og smásölu, fyrir reiki er tilgreint sérstaklega í ákveðnum fjárhæðum í evrum sem skal lækka á hverju ári til ársins 2012. Þrátt fyrir að ekki sé að vænta neinna verðhækkana á reikiverðum á EES-svæðinu er ljóst að verðbreytingar geta orðið innan þeirra marka sem reglugerðin setur. Þá geta rekstraraðilar farsímaneta utan EES sem Síminn gerir reikisamninga við eðlilega gert verðbreytingar með skömmum fyrirvara. Getur PFS í þessu sambandi fallist á sjónarmið Símans um að ekki sé eðlilegt að Síminn taki á sig kostnað viðsemjanda vegna breytinga sem kunna að verða á verðlagningu fyrir reikiaðgang erlendis með skömmum fyrirvara. Að mati PFS er því rétt að 40 daga fyrirvari gildi almennt um allar verðbreytingar Símans fyrir utan breytingar heildsöluverðskrá Símans fyrir reiki. Skal Síminn þó miða við 40 daga fyrirvarann eins og kostur er og verður Síminn að sýna fram á nauðsyn verðbreytinga á sannanlegan hátt í þeim tilvikum sem óhjákvæmilegt er að tilkynna verðbreytingar á reikiverðum með styttri fyrirvara.

Varðandi það sjónarmið Símans um að aðeins verðbreytingar til hækkunar þarfnist samþykkis PFS en ekki verðbreytingar til lækkunar þá er sérstaklega vísað til þess í athugasemdum PFS hér að ofan að þessi regla um fyrirfram samþykki PFS fyrir öllum verðbreytingum á heildsölugjaldskrá Símans kemur fram í ákvörðun PFS nr. 4/2007 um markað 15. Er þetta hluti af kvöð um eftirlit með gjaldskrá skv. umræddri ákvörðun sem verður ekki breytt með ákvörðun þessari um skilmála viðmiðunartilboðs Símans.

Að teknu tilliti til ofangreinds skal skilmáli 4.1.3 orðast með eftirfarandi hætti:

***Samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15), frá 5. febrúar 2007, er Símanum óheimilt að gera verðbreytingar á heildsölugjaldskrá nema að fengnu fyrirfram samþykki stofnunarinnar.***

<sup>19</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins og um breytingar á tilskipun 2002/21/EB, með síðari breytingum.

<sup>20</sup> [Reglugerð um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan EES-svæðisins nr. 1046/2008](#), frá 28. október 2008



**Síminn skal tilkynna PFS og viðsemjanda um allar verðbreytingar á endursöluáðgangi og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 40 daga skriflegum fyrirvara. Er Símanum þó heimilt að tilkynna um verðbreytingar á reikiverðum með styttri fyrirvara og skal Síminn þá á sannanlegan hátt sýna fram á nauðsyn þess. Verðbreytingar samkvæmt framangreindu taka ekki gildi fyrr en að fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á meðan framangreind kvöð gildir gagnvart Símanum.**

## 5.10 Skilmáli 6.2 - Riftun

„Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað:

- a) ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum;
- b) ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans; eða
- c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.
- d) ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.
- e) ef notkun á fjarskiptanetum Símans er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins.
- f) Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.
- g) Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í 2 mánuði.
- h) ef viðsemjandi sækir um tíðniheimild og hyggst byggja upp eigin farsímanet er það tilefni til riftunar samnings af hálfu Símans.“

### 5.10.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

Með vísan til meginmarkmiða kvaða á markaði 15, þ.e. að skapa aðstæður sem draga úr líkum á samkeppnishamlandi hegðun, auka samkeppni á GSM farsímamarkaði og skapa skilyrði fyrir mögulega innkomu sjálfstæðra þjónustuaðila, getur PFS ekki fallist á að heimild Símans til riftunar á grundvelli h-liðar þessa skilmála sé í samræmi við þau. Sæki viðsemjandi Símans um tíðniheimild hjá PFS með það í hyggju að byggja upp eigið farsímanet gefur það eitt og sér ekki Símanum heimild til að rifta gildandi samning aðila um endursöluáðgang. Að öðru leyti er vísað í sjónarmið PFS í kafla 5.8.1 og fyrirhugaða breytingu á skilmála tilboðsins með tilliti til þeirra.

Með vísan til ofangreinds skal h-liður skilmála 6.2 falla brott. Þá þykir jafnframt rétt að breyta g-lið skilmálans, um hvað telst veruleg vanskil, frá „2 mánuðum“ í „meira en 3 mánuði“ til samræmis við sama skilmála í viðmiðunartilboði Símans um innanlandsreiki. Fyrir sakir skýrleika þykir að lokum rökréttara að staflíðir skilmálans taki einungis til riftunarheimilda, en aðrir skilmálar standi í sérstökum málsgreinum. Skilmálinn skal að öðru leyti vera óbreyttur, enda þá samhljóða skilmála 6.2 í viðmiðunartilboði Símans um innanlandsreiki.

### 5.10.2 Athugasemdir Símans

Síminn fellst á að riftun af þeim sökum að viðsemjandi sækir um og fær úthlutað tíðniheimildum veitir ekki heimild til riftunar. Hins vegar telur Síminn lengingu á því að viðsemjandi geti staðið í vanskilum í 3 mánuði vera of ríflega. Segir Síminn að á þessu þriggja mánaða tímabili geti mögulega safnast upp verulegar fjárhæðir sem ekki reynist unnt að innheimta. Síminn telur 2 mánuði vera hæfilega lengd og skorar því á PFS að hverfa frá

áformum um að lengja möguleg vanskil í 3 mánuði. Segir Síminn sömu röksemd eiga við um vanefnd sem stendur yfir um langt skeið. Þrjú mánuðir þar sem viðsemjandi stendur ekki við skuldbindingar sínar sé óeðlilega langur tími.

### 5.10.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Í viðmiðunartilboð Símans um innanlandsreiki, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2008, um skilmála innanlandsreikis fyrir farsímaþjónustu Símans, er að finna samhljóða skilmála fyrir riftun og hér eru til umfjöllunar, sbr. skilmála 6.2 í framangreindu viðmiðunartilboði. Í g-lið þessa skilmála er kveðið á um að vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði. Lítur PFS svo á að mikilvægt er að hafa samræmi í skilmálum viðmiðunartilboða Símans og engin rök eru fyrir því að stytta þetta tímabil þegar aðeins er um að ræða viðsemjendur Símans um endursöluaðgang.

Með vísan til framangreinds skal skilmáli 6.2 orðast svo:

*Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað ef eitt eða fleiri af eftirfarandi á við:*

- a) ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum;*
- b) ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans; eða*
- c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.*
- d) ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.*
- e) ef notkun á fjarskiptanetum Símans er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins.*

*Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.*

*Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.*

## 5.11 Skilmáli 7 - Eigendaskipti að hlutum viðsemjanda

*„Nú verður veruleg breyting á eignarhaldi að viðsemjanda og skal viðsemjandi þá tilkynna Símanum um hverjir eru hinir nýju eigendur auk lista yfir 20 stærstu hluthafa í félaginu innan 30 daga frá því eigendaskiptin eiga sér stað.“*

### 5.11.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

Síminn ber kvöð um að veita endursöluaðgang að farsímaneti sínu. Lýtur réttur hugsanlegra viðsemjanda Símans til að nýta sér slíkan aðgang engum takmörkunum með tilliti til þess hvernig eignarhaldi þeirra kann að vera háttáð. Þær grunnkröfur sem Símanum er heimilt að gera til viðsemjanda sinna er að finna í kafla 2.1 í viðmiðunartilboðinu. Ekkert skilyrði sem Síminn setur þar fram heimilar honum að synja um samningsgerð á grundvelli eignarhalds viðsemjanda. Því er vandséð hvaða tilgangi þessi skilmáli um upplýsingagjöf af hálfu viðsemjanda eigi að þjóna. Auk þess er hér um að ræða skilyrði sem ekki er að finna í öðrum viðmiðunartilboðum Símans. Telur PFS því engin rök standa til þess að viðsemjanda Símans beri að tilkynna til Símans um breytingar á eignarhaldi eins og skilmáli þessi kveður á um. Að mati PFS er rétt að ákvæði þetta verði fellt brott úr viðmiðunartilboðinu.



### 5.11.2 Athugasemdir Símans

Að mati Símans verður það að teljast eðlileg krafa í viðskiptasambandi þar sem trúnaður og traust á að ríkja að Síminn viti við hvern samið er. Segir Síminn að ákvæðið veiti fyrirtækinu ekki rétt til að grípa til neinna úrræða eins og uppsagnar, riftunar eða annarra breytinga á samningi, við eigendaskipti. Telur Síminn mjög mikilvægt að það liggi fyrir hverjir viðsemjendur eru og leggur til að PFS láti af áformum sínum um að fella ákvæðið á brott.

### 5.11.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og fram kom í athugasemdum PFS hér að framan er hér um að ræða skilyrði sem ekki er að finna í öðrum viðmiðunartilboðum Símans og telur PFS því engin rök standa til þess að gera einungis viðsemjendum Símans um endursölu- og sýndarnetsaðgang að farsímaneti Símans það skylt að tilkynna Símanum um breytingar á eignarhaldi.

Ef til greina kæmi að kveða á um slíka upplýsingagjöf yrði slík skylda að vera gagnkvæm milli sammingsaðila, enda er meginreglan sú að viðmiðunartilboð felur í sér gagnkvæmar skyldur og kröfur til sammingsaðila. Yrði slík upplýsingagjöf þá að vera í samræmi við þær opinberu reglur sem gilda um skráningu á eignarhaldi félaga og upplýsingagjöf þar um.

***Með vísan til framangreinds skal skilmáli 7 „Eigendaskipti að hlutum viðsemjanda“ felldur brott úr viðmiðunartilboði Símans og númer síðari skilmála uppfærest í samræmi.***

## 5.12 Skilmáli 7 [áður 8]- Lögsaga og lausn ágreiningsmála

*„Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd sammingsins skulu þeir leitast við að semja um lausn hans sín í milli. Náist ekki samkomulag skal reka mál út af samningi þessum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.“*

### 5.12.1 Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Í athugasemdum PFS við sama skilmála í viðmiðunartilboði Símans um innanlandsreiki kemur fram að PFS „lítur ekki svo á að Síminn geti takmarkað rétt viðsemjanda til að leita atbeina stofnunarinnar við að leysa úr ágreiningi sem hugsanlega kann að skapast vegna viðmiðunartilboðs Símans m.t.t. til fjarskiptalaga og gildandi kvaða á markaði 15. Sá réttur viðsemjanda er ótvírætt tryggður í 9 gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.“, sbr. kafla 3.17.1 í ákvörðun PFS nr. 13/2008, um viðmiðunartilboð Símans um innanlandsreiki, frá 9 júlí 2008.

Með vísan til ofangreinds skal þessum skilmála breytt til samræmis við skilmála 7 í viðmiðunartilboði Símans um innanlandsreiki og skilmála 14 í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta útgáfu 3.4.-A.

Síminn gerir ekki athugasemdir.

Skilmáli 8 skal vera nr. 7 og orðast svo:

***Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.***

***Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd sammingsins skulu þeir semja***

*um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.*

*Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.*

*Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.*

### **5.13 Skilmáli 8 [áður 9] - Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings**

*„Samningurinn er tímabundinn og gildir í 3 ár frá xxxxxx til xxxxxx. Nú vill viðsemjandi binda endi á samningssamband aðila að þeim tíma liðnum og skal hann þá tilkynna það með 6 mánaða fyrirvara, eigi síðar en xxx. Að öðrum kosti framlengist samningurinn sjálfkrafa um 1 ár í senn með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.“*

*Sjá einnig sérákvæði um samningsslit vegna uppbyggingar á eigin farsímaneti viðsemjanda eða ef hann hættir fjarskiptarekstri sínum í grein 3.2 og 4. grein í viðauka 1.“*

#### **5.13.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum**

Þykir PFS ástæða til að gera betur grein fyrir undantekningum frá þessu ákvæði, þ.e. þegar viðsemjandi setur upp miðlægan búnað, byggir upp eigið farsímanet eða hættir fjarskiptarekstri sínum, sbr. tillögu að orðalagi 2. mgr.:

*Gildir þetta þó ekki ef viðsemjandi setur upp miðlægan búnað, hefur uppbyggingu á eigin farsímaneti eða ef hann hættir fjarskiptarekstri sínum, sbr. sérákvæði í grein 3.2 í viðmiðunartilboði þessu og 4. grein í viðauka 1.*

#### **5.13.2 Athugasemdir Símans**

Síminn vísar til svars fyrirtækisins við grein 3.2 varðandi lágmarks fyrirvara til að Síminn geti brugðist við breytingum viðsemjanda á aðgangi að kerfum Símans. Einnig er vísað til svars Símans við grein 4 í viðauka 1 hér á eftir.

Að mati Símans verður að hafa í huga að fáir fyrirtækið ekki eðlilegan aðlögunartíma mun sá umfram kostnaður sem til fellur í kerfum Símans og starfsemi lenda á þeim aðilum sem áfram eru notendur farsímakerfisins. Með vísan til þessa mótmælir Síminn því að PFS fylgi eftir áformuðum breytingum á þessu ákvæði.

#### **5.13.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar**

Með vísan til svars PFS við athugasemdum Símans vegna áformaðra breytinga á skilmála 3.2 í kafla 5.8.3 hér að framan fellst PFS á framangreind sjónarmið Símans og hyggst því ekki gera breytingar á skilmála þessum í viðmiðunartilboðinu.

## **6 Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðauka viðmiðunartilboðsins**

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem snúa að einstökum viðaukum tilboðsins, hafi þær ekki áður fengið umfjöllun í tengslum við hin almennu ákvæði.

### **6.1 Viðauki 1, Skilmáli 2 - Verð fyrir endursöluaðgang**

*„2.1 Árgjöld*

<i>SIM kort – skráning (registration)</i>	<i>218 kr.</i>
<i>Tilkynningar um staðsetningu SIM korts</i>	<i>108 kr.</i>
<i>Virðisaukandiþjónustu pr. SIM kort</i>	<i>725 kr.</i>
<i>Gagnaflutning pr. SIM kort</i>	<i>189 kr.“</i>

### **6.1.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum**

Með vísun til kvaðar um eftirlit með gjaldskrá á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum fór PFS fram á það við Símann í júní 2008 að fyrirtækið legði fram kostnaðargreind aðgangsverð fyrir endursölu og sýndarnet. Var PFS send kostnaðargreining Símans í lok janúar 2009 og er sú kostnaðargreining nú í skoðun hjá PFS, sem hefur óskað eftir skýringum og frekari gögnum frá Símanum vegna hennar. Þau verð sem tilgreind eru í viðmiðunartilboði þessu skulu því standa þar til og með fyrirvara um að PFS samþykki kostnaðargreind heildsöluverð í farsímaneti Símans.

Þykir PFS hér ástæða til að minna á að þegar lögð er kvöð á fjarskiptafyrirtæki um að gjaldskrá miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði hvílir sönnunarbyrðin á fyrirtækinu. Af þessari ástæðu getur PFS ekki samþykkt framangreind gjöld eða önnur kostnaðartengd gjöld í viðauka 1 nema Síminn sýni fram á með sannanlegum hætti að gjaldskrá miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði.

Mun PFS því mæla fyrir um breytingar á verðum í viðauka 1 ef þurfa þykir eftir að stofnunin hefur yfirfarið kostnaðargreiningu Símans á heildsöluverðum í farsímaneti fyrirtækisins.

### **6.1.2 Athugasemdir Símans**

Um framangreindar athugasemdir PFS og skýringar fyrir verði fyrir endursöluaðgang segir Síminn eftirfarandi:

„[]<sup>21</sup>“

### **6.1.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar**

Varðandi umrædd heildsöluverð Símans almennt ber fyrst að taka fram að PFS lítur svo á að öll verð séu hámarksverð og Símanum sé heimilt að lækka verð, þ.m.t. aðgangsverð, svo framalega sem verð séu byggð á kostnaði og jafnræðis gætt. Eins telur PFS að verð fyrir endursöluaðgang hljóti að vera önnur en fyrir sýndarnetsaðgang. Verður nánar fjallað um þetta álitafni í sérstakri ákvörðun PFS um kostnaðargreiningu Símans á markaði 15.

Sérstakt aðgangsgjald í viðmiðunartilboð þetta kallar ekki á útgáfu nýs viðmiðunartilboðs heldur er nægjanlegt að slík leiðrétting komi samhliða þeim breytingum sem Síminn verður að gera á viðmiðunartilboðinu samkvæmt þessari ákvörðun.

Eins og fram kemur í athugasemdum PFS við umræddan skilmála getur PFS ekki samþykkt nein kostnaðartengd gjöld í þessu sambandi, hvort sem um er að ræða sérstakt aðgangsgjald eða önnur kostnaðartengd gjöld, nema Síminn sýni fram á með sannanlegum hætti að þau gjöld sem hér um ræðir miðast við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði. Að mati PFS eru þær upplýsingar sem er að finna í athugasemdum Símans við drög að ákvörðun þessari ekki

<sup>21</sup> Athugasemdir Símans teknar út, tímabundið, þar sem Síminn óskaði eftir að upplýsingarnar njóti trúnaðar með vísan til 2. máls. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Við birtingu þessara ákvörðunar hefur PFS ekki tekið afstöðu til beiðnar Símans um undanþágu frá birtingu einstakra efnispátta viðmiðunartilboðsins.

fullnægjandi svo hægt sé að taka afstöðu til þess hvað getur talist sanngjarnt aðgangsverð í þessu sambandi.

PFS mun því taka afstöðu til verða og mæla fyrir um breytingar á þeim eins og þurfa þykir eftir að stofnunin hefur yfirfarið kostnaðargreiningu Símans á heildsöluverðum í farsímaneti fyrirtækisins.

PFS getur þó fallist á að árlegt aðgangsgjald sem byggir á kostnaði verði grunnur að útgöngugjaldi viðsemjanda ef viðsemjandi fer af kerfum Símans á samningstímanum en þó aðeins að því marki að útgöngugjaldið byggir á sannanlegum kostnaði.

Samkvæmt framansögðu skal fyrirsögn skilmála 2.1 vera „Aðgangsgjald“ og númer skilmála sem á eftir koma breytast í samræmi þannig að næst kemur skilmáli 2.2 „Árgjöld“ og svo framvegis.

Með fyrirvara um að PFS samþykki kostnaðargreind verð Símans skal skilmáli 2.1. „Aðgangsgjald“ í viðauka 1 orðast svo:

*Viðsemjandi skal greiða fyrirfram [x]<sup>22</sup> milljónir kr., sem árlegt aðgangsgjald fyrir aðgang að farsímaneti Símans.*

*Árlegt aðgangsgjald lækkar í samræmi við heildarmagn umferðar á ári sem viðsemjandi hefur náð. Eftirfarandi tafla sýnir áhrif mismunandi umferðar sem viðsemjandi kemur með inn á net Símans á árlegar greiðslur hans.*

*[...]<sup>23</sup>*

## 6.2 Viðauki 1, Skilmáli 2.3 - Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn

*„Verð*

<i>Upphafsgjald pr. mínútu</i>	<i>3,35 kr.</i>
<i>Innankerfisgjald pr. mínútu</i>	<i>6,53 kr.</i>
<i>SMS pr. skeyti</i>	<i>3,0 kr.</i>
<i>MMS pr. skeyti</i>	<i>3,0* kr.</i>
<i>GPRS pr. Mbyte</i>	<i>26,27 kr.</i>
<i>Athugun á inneign á frelsi pr. mín eða SMS</i>	<i>0,8 kr.</i>
<i>Verð pr. SIM kort</i>	<i>2,5 EUR</i>

*\* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.*

*Fyrir símtöl sem fara um skiptistöðvar Símans, er auk ofangreindra gjalda innheimt umflutningsgjald (transit-gjald) í samræmi við gildandi samtengisamning.*

<sup>22</sup> Upplýsingar teknar út, tímabundið, þar sem Síminn óskaði eftir að upplýsingarnar njóti trúnaðar með vísan til 2. másl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga.

<sup>23</sup> Tafla um lækkun aðgangsgjalds tekin út, tímabundið, þar sem Síminn óskaði eftir að upplýsingarnar njóti trúnaðar með vísan til 2. másl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Við birtingu þessara ákvörðunar hefur PFS ekki tekið afstöðu til beiðnar Símans um undanþágu frá birtingu einstakra efnispáttá viðmiðunartilboðsins.

*Verð fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet fer eftir verðskrá viðkomandi fjarskiptafyrirtækis um lúkningu“*

### 6.2.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

PFS telur að nánari skýringa er þörf með verðskrá Símans, eins og til að mynda hvað felst í upphafsgjaldi pr. mínútu. Þá telur PFS þörf á að fram komi að umflutningsgjald leggst ekki á þegar um símtöl innan farsímanets Símans eða símtöl í fastanet Símans er að ræða. Leggur PFS því til að bætt verði stjórnúmerktum skýringum við skilmála 2.2 í viðauka 1.

### 6.2.2 Athugasemdir Símans

Síminn gerir ekki athugasemdir við framangreindar breytingar PFS. Þó telur Síminn að áréttu beri í skýringum við „*Innankerfissímtal*“, að um sé að ræða símtal sem á upphaf og lúkningu í farsímaneti Símans.

### 6.2.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Með tilliti til framangreindra athugasemda PFS og Símans skulu neðangreindar stjórnúmerktar skýringar bætast við skilmálann. Með fyrirvara um að PFS samþykki kostnaðargreind verð Símans skal skilmáli 2.3 (áður 2.2) í viðauka 1 orðast svo:

<i>Verð</i>	
<i>Upphafsgjald pr. mínútu</i>	<i>3,35 kr. *</i>
<i>Innankerfisgjald pr. mínútu</i>	<i>6,53 kr. **</i>
<i>SMS pr. skeyti</i>	<i>3,0 kr.</i>
<i>MMS pr. skeyti</i>	<i>3,0 kr. ***</i>
<i>GPRS pr. Mbyte</i>	<i>26,27 kr.</i>
<i>Athugun á inneign á frelsi pr. mín eða SMS</i>	<i>0,8 kr.</i>
<i>Verð pr. SIM kort</i>	<i>2,5 EUR</i>

- \* *Mínútuverð fyrir símtal sem á upphaf hjá viðskiptavini viðsemjanda og lýkur hjá öðrum en viðskiptavini viðsemjanda eða Símans.*
- \*\* *Mínútuverð fyrir innankerfis símtal, þ.e. símtal sem hefur upphaf og lúkningu á farsímaneti Símans, óháð því hver endursöluaðilinn á farsímaneti Símans er.*
- \*\*\* *Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.*

*Fyrir símtöl sem fara um skiptistöðvar Símans, er auk ofangreindra gjalda innheimt umflutningsgjald (transit-gjald) í samræmi við gildandi samtengisamning. Umflutningsgjald er þó ekki lagt á símtöl innan farsímanets Símans eða símtöl í fastanet Símans.*

*Verð fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet fer eftir verðskrá viðkomandi fjarskiptafyrirtækis um lúkningu.*

Að öðru leyti skulu framangreind verð standa þar til og með fyrirvara um að PFS samþykki kostnaðargreind heildsöluverð í farsímaneti Símans. Eftir að stofnunin hefur yfirfarið kostnaðargreiningu Símans mun PFS, ef þurfa þykir, mæla fyrir um breytingar á verðum samkvæmt þessum skilmála í sérstakri ákvörðun þar um.

## 6.3 Viðauki 1, Skilmáli 2.5 - Útlandasímtöl

*„Verð fyrir útlandasímtöl taka mið af heildsöluverðskrá Símans á hverjum tíma.“*

### 6.3.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

Heildsöluverðskrá Símans verður að vera aðgengileg fyrir endursöluaðila og skal fylgja sem viðauki við samning aðila um endursöluaðgang. Verðbreytingar skulu vera tilkynntar með 60 daga fyrirvara sbr. kafla 5.9.1 hér á undan um breytingu á skilmála 4.1.3 í viðmiðunartilboði þessu. Með vísan til framangreinds leggur PFS til að skilmáli 2.4 í viðauka 1 orðist svo:

*Verð fyrir útlandasímtöl taka mið af heildsöluverðskrá Símans á hverjum tíma.*

*Heildsöluverðskrá Símans fyrir útlandasímtöl skal fylgja með sem viðauki með viðmiðunartilboði þessu og skulu allar verðbreytingar á henni vera tilkynntar viðsemjanda með 60 daga fyrirvara í samræmi við ákvæði 4.1.3 í viðmiðunartilboði þessu.*

### 6.3.2 Athugasemdir Símans

Síminn gerir ekki athugasemdir við að heildsöluverðskrá Símans á útlandasímtölum fylgi með sem viðauki með endursölusamningi viðsemjanda. Hins vegar telur Síminn 60 daga fyrirvara við tilkynningar um verðbreytingar á heildsöluverðskrá fyrir útlandasímtöl óraunhæfar. Í þessu sambandi bendir Síminn á gengissveiflur íslensku krónunnar undanfarna mánuði. Ef Síminn er bundinn af því að geta ekki breytt og aðlagð heildsöluverðskrá sína að slíkum breytingum ber hann allan skaða sem af því getur hlotist.

Þá bendir Síminn á að fyrirtækið getur ekki takmarkað verðbreytingar erlendra fjarskiptafyrirtækja, þannig að þær skuli jafnan tilkynntar Símanum með meira en 60 daga fyrirvara, því að auki þyrfti Síminn viðbótar svigrúm til að gera umræddar breytingar á heildsöluverðskrá sinni og tilkynna þær til viðsemjanda.

Síminn telur í samræmi við ofanritað að ekki eigi að breyta núverandi ákvæðum í Viðauka 1, gr. 2.4. að öðru leyti en því, að endursölusamningi við viðsemjanda fylgi heildsöluverðskrá og að endursali á kerfi Símans hafi aðgang að gildandi verðskrá á hverjum tíma hjá Heildsölu Símans. Leggur Síminn til að skilmálinn verði svohljóðandi:

*„Verð fyrir útlandasímtöl taka mið af heildsöluverðskrá Símans á hverjum tíma. Heildsöluverðskrá Símans fyrir útlandasímtöl skal fylgja með sem viðauki með samningi viðsemjanda við Símann um endursöluaðgang og skulu allar verðbreytingar á henni vera tilkynntar viðsemjanda með hæfilegum fyrirvara.“*

### 6.3.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Með vísan til athugasemda PFS við skilmála 4.1.3 (Verðbreytingar) í kafla 5.9.3 hér á undan skal fyrirvari við tilkynningar Símans um verðbreytingar á heildsöluverðskrá fyrirtækisins almennt vera a.m.k. 40 dagar. Er Símanum þó heimilt ef svo ber undir að tilkynnar um verðbreytingar á heildsöluverðskrá fyrir útlandasímtöl með styttri fyrirvara. Skal Síminn þá sýna fram á nauðsyn þess á sannanlegan hátt. Með vísan til framangreinds skal skilmáli 2.5 (áður 2.4) í viðauka 1 orðast svo:

*Verð fyrir útlandasímtöl taka mið af heildsöluverðskrá Símans á hverjum tíma. Heildsöluverðskrá Símans fyrir útlandasímtöl skal fylgja með sem viðauki með samningi viðsemjanda við Símann um endursöluaðgang. Skulu allar verðbreytingar á henni vera tilkynntar viðsemjanda með a.m.k. 40 daga fyrirvara, nema óhjákvæmilegt sé að tilkynna um verðbreytingar með styttri fyrirvara. Skal Síminn þá sýna fram á nauðsyn þess á sannanlegan hátt, sbr. skilmála*



#### 4.1.3 í viðmiðunartilboði þessu.

### 6.4 Viðauki 1, Skilmáli 2.6 - Erlent reiki

„Viðsemjandi getur samið um aðgang að erlendum reikisamningum Símans“

#### 6.4.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

Eins og fram hefur komið er endursöluaðili skilgreindur sem þjónustuveitandi sem býr ekki yfir neinum, eða mjög takmörkuðum, innviðum farsímaþjónustukerfis og kaupir nánast alla stoðþjónustu í heildsölu. Telur PFS því edlilegt að slíkur aðili geti ekki aðeins samið um aðgang heldur eigi rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans. Er þá horft til þess að viðsemjandi er ekki í stöðu til að semja sjálfur um reikiaðgang við erlenda aðila án atbeina Símans, hvort sem um ræðir samningsumboð eða tæknilegar forsendur. Aðilum er hins vegar frjálst að semja um verð fyrir slíkan aðgang.

#### 6.4.2 Athugasemdir Símans

Í þeim breytingum sem PFS áformar er gengið út frá því að í stað þess að viðsemjanda bjóðist að semja um aðgang að reikisamningum Símans sé Símanum skylt að semja við viðsemjanda um erlent reiki. Telur Síminn þessa breytingu vera vanhugsaða þar sem ljóst er að reiki fellur undir markað 17, sem ekki hefur verið markaðsgreindur og raunar verið felldur út. Segir Síminn að ákvörðunarvaldi PFS vera takmörk sett og stofnuninni sé ekki heimilt að hlutast til um verðlagningu á umræddri þjónustu. Ef ekki takast samningar um verð fyrir reikisímtöl í farsímaneti Símans á markaðslegum forsendum, verður því ekki séð að umrædd áform PFS um breytingar á þessum skilmála séu til bóta og telur Síminn að falla beri frá þeim.

#### 6.4.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Hér er um að ræða viðmiðunartilboð sem fellur undir aðgangsmarkað að farsímaneti Símans. Erlent reiki er óhjákvæmilegur og óaðskiljanlegur þáttur í nútíma farsímaþjónustu og því verður að telja það samkeppnishamlandi geti fyrirtæki ekki boðið upp á þann kost. Hins vegar er PFS meðvitað um að markaðsgreining á markaði 17 hefur ekki farið fram og því eru engar kvaðir í gildi um verðlagningu fyrir þá þjónustu, enda gerir PFS ráð fyrir að aðilar semji um verð innan þess lagaramma sem í gildi er hverju sinni, sbr. t.d. 35. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um hámarksverð í heild- og smásölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum. Með vísan til framangreinds eru ekki forsendur til þess að fallast á athugasemdir Símans við breytingum PFS á þessum skilmála viðmiðunartilboðsins.

Með vísan til framangreinds skal skilmáli 2.6 (áður 2.5) í viðauka 1 orðast svo:

*Viðsemjandi á rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans. Semja skal sérstaklega um verð fyrir reikisímtöl í farsímaneti Símans.*

### 6.5 Viðauki 1, Skilmáli 3 - Samhæfing upplýsingakerfa

„Miðað er við að uppsetning á samtengingu upplýsingakerfa verði eins og lýst er í viðauka 7. Viðsemjandi greiðir þann kostnað sem Síminn verður fyrir við samhæfingu upplýsingakerfa.“



### 6.5.1 Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Aðgangur nýs endursöluaðila að farsímaneti Símans hefur eðlilega í för með sér einhvern aukinn kostnað fyrir Símann en er um leið ákveðin fjárfesting sem Síminn getur e.t.v. nýtt ef fyrirtækið veitir fleiri aðilum aðgang. PFS telur þó eðlilegt að sá aðili sem óskar eftir endursöluaðgangi að farsímaneti Símans þurfi að bera þann kostnað sem af því hlýst að koma hlutaðeigandi aðgangi á, að því gefnu að um sé að ræða eðlilegan og sannanlegan kostnað í hlutfalli við aðgang viðsemjanda hverju sinni.

Síminn gerir ekki athugasemdir.

Með vísan til ofangreinds skal skilmáli 3 í viðauka 1 orðast svo:

*Miðað er við að uppsetning á samtengingu upplýsingakerfa verði eins og lýst er í viðauka 7.*

*Viðsemjandi greiðir eðlilegan og sannanlegan kostnað sem Síminn verður fyrir við samhæfingu upplýsingakerfa Símans og viðsemjanda.*

## 6.6 Viðauki 1, Skilmáli 4 - Gjald vegna niðurfellingar sammings

*„Ef viðsemjandinn ákveður áður en 3 ára samningstíma lýkur að flytja áskrifendur sína yfir í þá tegund farsímafjarskipta þar sem notað er fjarskiptanet sem ekki er í eigu Símans, eða hætta fjarskiptastarfsemi sinni, og skapa þannig enga notkun (umferð) á fjarskiptaneti Símans, skal viðsemjandi greiða skjalfest útgjöld á afskrifuðu verði, vegna fjárfestingar í flutningsgetu fjarskiptanets sem byggð var á væntanlegri notkun viðskiptavina viðsemjanda og ekki verður nýtt fyrir Símanum, séu greidd af viðsemjanda.*

*Ákvæði þetta á ekki við ef viðsemjandi hefur rekstur miðlægs búnaðar gerir samning við Síminn um sýndarnetsaðgang.“*

### 6.6.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

PFS telur þennan skilmála eðlilegan að því gefnu að þau útgjöld vegna aukningar í flutningsgetu sem nefnd eru í skilmálanum hafi legið skýrt fyrir við undirskrift sammingsins og um sé að ræða sannanleg og eðlileg útgjöld í samhengi við umfang endursala.

Að mati PFS skal stofn fjárfestingar afskrifaður að fullu línulega á þriggja ára gildistíma sammingsins. Afskriftir skulu uppreiknaðar á mánaðargrundvelli komi til niðurfellingar sammings áður en gildistíma lýkur.

### 6.6.1 Athugasemdir Símans

Síminn bendir á að fyrirtækið hefur áætlað kostnað vegna endursöluaðgangs að farsímaneti sínu, sbr. svar Símans um skilmála 2 í Viðauka 1 hér að framan. Er sá kostnaður tilgreindur sem „Aðgangsgjald“ í gr. 2.1 í Viðauka 1 í útg. 1.1.- A. Síminn hefur í hyggju að setja slíkt aðgangsgjald inn í viðmiðunartilboð sitt á ný í samræmi við þær skýringar sem fram koma í skilmála 2 í Viðauka 1. Telur Síminn að miða skuli við þann kostnað, varðandi greiðslur viðsemjanda, komi til niðurfellingar sammings skv. þessu ákvæði.

Þá vill Síminn áskila sér rétt að endurmeta umrædda upphæð komi til frekari uppbyggingar í framhaldi af þeirri áætlun sem viðsemjandi leggur fram í byrjun, m.t.t. þessar kostnaðaraukningar sem um ræðir.

Auk þess bendir Síminn á að ef fyrirtækið þarf að bæta við miðlægan búnað sinn vegna tilkomu endursala á kerfi Símans, sé óeðlilegt að Síminn beri þann kostnað ef viðsemjandi velur síðan t.d. að fara yfir í sýndarnetsþjónustu hjá Símanum eða öðru fjarskiptafyrirtæki.

### 6.6.1 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

PFS getur fallist á tillögu Símans hér að fram um að gjöld vegna niðurfellingar samnings taki með beinum hætti mið af föstu aðgangsgjaldi. PFS hafnar því hins vegar að viðsemjandi greiði eftirstöðvar þriggja ára samnings að fullu óháð raunkostnaði Símans sem fellur til á eftirstöðvum samningstíma vegna niðurfellingar samnings. Forsenda þess að byggja á aðgangsgjaldi er að árlegt aðgangsgjald byggji á kostnaði og að gjöld vegna niðurfellingar samnings byggji þar með á kostnaði á sama grundvelli og kostnaður aðgangsgjaldsins er metinn. Miðað er við að stofnkostnaður sé afskrifaður á þremur árum og reiknað með rekstrarkostnaði sem samsvarar sex mánuðum í samræmi við uppsagnartíma viðsemjanda.

Hafi viðsemjandi greitt árlegt aðgangsgjald á uppsagnarári að hluta, vegna t.d. magnafsláttar, eða öllu leyti telur PFS rétt að sú greiðsla skuli koma til frádráttar sem nemi eftirstöðvum árgjaldsins sem greitt var frá uppsagnarmánuði og skal þá miðað við að árgjaldi sé skipt á 12 mánuði. Þá telur PFS rétt að gjöld séu óháð því hvort viðsemjandi hafi notið afsláttar af aðgangsgjaldi vegna magns umferðar eða ekki.

Þannig er gert ráð fyrir því að gjald vegna niðurfellingar samnings miðist við árlegt aðgangsgjald, en lækki árlega á samningstímanum sem nemur afskrift stofnkostnaðar.

Gjald fyrir niðurfellingu samnings verður því eftirfarandi:

Á fyrst ári	Árlegt aðgangsgjald x 1,0 (nú 19,9 millj. kr.)
Á öðru ári	Árlegt aðgangsgjald x 0,8 (nú 15,9 millj. kr.)
Á þriðja ári	árlegt aðgangsgjald x 0,6 (nú 11,9 millj. kr.)

Með vísan til ofangreinds skal skilmáli 4 í viðauka 1 orðast svo:

*Ef viðsemjandinn ákveður áður en 3 ára samningstíma lýkur að flytja áskrifendur sína yfir í þá tegund farsímafjarskipta þar sem notað er fjarskiptanet sem ekki er í eigu Símans, eða hætta fjarskiptastarfsemi sinni og skapa þannig enga notkun (umferð) á fjarskiptaneti Símans, skal viðsemjandi greiða gjald sem tekur mið af árlegu aðgangsgjaldi.*

*Áætlað umfang umferðar og þau útgjöld sem hér er vísað til skulu liggja fyrir við undirskrift samnings þessa og vera sannanleg og eðlileg í samhengi við umfang viðsemjanda Símans. Stofnkostnaður vegna aðgangs viðsemjanda skal afskrifaður að fullu línulega á þriggja ára gildistíma samningsins og skulu afskriftir uppreiknaðar á ársgrundvelli komi til niðurfellingar samnings skv. þessu ákvæði.*

*Gjald fyrir niðurfellingu samnings skal reiknast svo:*

Á fyrst ári	Árlegt aðgangsgjald x 1,0
Á öðru ári	Árlegt aðgangsgjald x 0,8
Á þriðja ári	Árlegt aðgangsgjald x 0,6

*Ofangreitt gjald er óháð því hvort viðsemjandi hafi notið afláttar af aðgangsgjaldi vegna magns umferðar eða ekki. Hafi viðsemjandi greitt fyrirfram árlegt aðgangsgjald á uppsagnarári, að hluta eða öllu leyti, skal sú greiðsla koma til frádráttar sem nemur eftirstöðvum árgjaldsins sem greitt var frá uppsagnarmánuði. Er þá miðað við að árgjaldi sé skipt í 12 mánuði.*

*Ákvæði þetta á ekki við ef viðsemjandi hefur rekstur miðlægs búnaðar gerir samning við Símann um sýndarnetsaðgang.*

## **6.7 Viðauki 2, Skilmáli 1 - Tæknileg útfærsla endursöluaðgangs**

### **6.7.1 Grein 1 Ábyrgð aðila**

Í töflu eitt í samningnum er skrá yfir sérgreinda ábyrgðarþætti annars vegar Símans og hins vegar viðsemjanda í því skyni að útvega viðskiptavinum viðsemjanda farsímabjónustu.

#### **6.7.1.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum**

Þeir þættir sem hvor aðili ber ábyrgð á hafa í för með sér ákveðinn kostnað. Það fer þó eftir umfangi og fjárfestingarþörf hverju sinni hver sá kostnaður getur verið. Að miklu leyti er þó um að ræða þætti sem þegar eru til staðar í nethlutum og þjónustu Símans sem Síminn einn hefur aðgang að og, eins og fram hefur komið, eru möguleikar viðsemjanda til að hafa áhrif þar á mjög takmarkaðir. Í ljósi þessa telur PFS mikilvægt að það liggi fyrir strax í upphafi og sé sanngjarnt hvaða þættir það eru sem hvor aðili ber ábyrgð á.

Með vísan til ofangreinds telur PFS það eðlilegt og sanngjarnt að viðsemjandi Símans um endursöluaðgang skuli aðeins bera ábyrgð á þeim þáttum sem hann sjálfur getur haft einhver áhrif og stjórn á. Þeir þættir eru eftirfarandi:

- Verðlagning, reikningagerð og innheimta gagnvart endanlegum notanda
- Þjónustuver
- Kvartanir og meðferð svikamála
- Tenging við gagnagrunn Símans
- Tilkynningar

Aðrir þættir sem upp eru taldir undir ábyrgð viðsemjanda í töflu 1 í viðauka 2 séu þá á ábyrgð Símans. Í þessu sambandi telur PFS eðlilegt að viðsemjandi geti fengið aðgang að HÍN og Já ehf. í gegnum Símann, rétt eins og aðgangi að reikisamningum Símans sem um var fjallað hér frammar. Skal viðsemjandi greiða Símanum eðlilegan og sannanlegan kostnað vegna aðgangs að HÍN ehf., Já ehf. og öðrum hugsanlegum upplýsingaveitum sem Síminn hefur aðgang að og viðsemjandi óskar eftir að fá aðgang að.

Þeir þættir sem PFS leggur til að færast frá viðsemjanda á ábyrgð Símans eru því eftirfarandi:

- Aðfangaöflun
- Fyrirfram greiðslukerfi
- Aðgangur að HÍN
- Aðgangur að Já ehf.
- Erlent reiki

*Leggur PFS því til að tafla 1 í viðauka 2 sem tilgreinir ábyrgð aðila verði uppfærð í samræmi við ofangreint.*

#### **6.7.1.2 Athugasemdir Símans**

Síminn mótmælir því ekki að fyrirtækið beri ábyrgð á aðfangaöflun viðsemjanda en bendir á að það gæti m.a. þýtt að viðsemjandi hafi þá takmarkaða stjórn á nýtingu númeraseríu sem er hluti af númeraseríu Símans. Í þessu sambandi spyr Síminn hvort þetta þýði að fyrirtæki, sem nú þegar er með úthlutuð númer í eigin nafni og færir sig yfir á kerfi Símans, beri að afhenda Símanum númerin. Jafnframt spyr Síminn hvort áformaðar breytingar PFS séu í samræmi við gildandi reglur um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta, sbr. 11. gr. reglnanna og önnur ákvæði laga og reglna er að þessu lúta.

Telur Síminn að ef hann eigi að bera ábyrgð á öflun símanúmera fyrir viðsemjanda þurfi viðsemjandi að bera allan kostnað því fylgjandi. Gerir Síminn ráð fyrir því að umræddur kostnaður verði hluti af viðmiðunartilboðinu verði það niðurstaða PFS að Símanum beri að yfirtaka umrædda ábyrgðarþætti.

Hvað greiðslukerfið varðar segir Síminn að í samræmi við skýringar og niðurstöðu PFS í kafla 6.1.1 séu greiðslukerfi hluti af ábyrgðarþáttum viðsemjanda. Þykir Símanum því ekki rétt að undanskilja þar fyrirfram greiðslukerfi og færa það undir ábyrgðarsvið Símans. Hafnar Síminn því að hann beri ábyrgð á því að annast þessa þjónustu við viðsemjanda en útilokar þó ekki að semja megi um hana á viðskiptalegum forsendum. Þá vekur Síminn athygli á að verulegur kostnaður sé því samfara að aðlaga núverandi fyrirfram greiðslukerfi Símans við fleiri þjónustuaðila en Símann. Síminn býðst til að leggja fram tilboð í þennan þjónustubátt óski viðsemjandi eftir aðgangi að umræddu greiðslukerfi.

Varðandi aðgang að HÍN og Já ehf. samþykkir Síminn að viðsemjandi geti fengið þar aðgang í gegnum Símann gegn því þó að viðsemjandi greiði allan kostnað sem því er samfara.

Þá mótmælir Síminn boðaðri breytingu PFS um erlent reiki og vísar í því sambandi til viðauka 3.

#### **6.7.1.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar**

Síminn bendir réttilega á að verði aðfangaöflun á ábyrgð Símans geti það þýtt að viðsemjandi hafi takmarkaða stjórn á nýtingu númeraseríu sem er hluti af númeraseríu Símans. Í þessu sambandi vill PFS áréttta að endursöluaðili býr ekki yfir neinum sjálfstæðum innviðum farsímaþjónustukerfis og kaupir nánast alla stoðþjónustu í heildsölu. Símanúmer eru hluti af þessari stoðþjónustu sem viðsemjandi verður að fá hjá Símanum eða með hjálp Símans. Í framkvæmd hefur það verið svo að endursöluaðili og það fjarskiptafyrirtæki sem veitir aðgang að sínu neti sækja saman um númeraraðir til PFS. Viðsemjandi Símans og Síminn verða því að sækja saman um númer til PFS og verða úthlutuð númer skráð á Símann. Telur PFS þetta fyrirkomulag nauðsynlegt til að einfalda tengingu viðsemjanda við ýmsa ytri aðila eins og fjarskiptafyrirtæki erlendis þar sem númer viðsemjanda verða meðhöndluð eins og númer Símans.

Vissulega þýðir þetta að viðsemjandi Símans hefur takmarkaða stjórn og nýtingu á númerum en er það í samræmi við að hér um að ræða aðgang sem gefur viðsemjanda ekki sama frelsi til að bjóða eigin þjónustu eins og t.d. viðsemjandi um sýndarnetsaðgang eða innanlandsreiði. Telur PFS þetta fyrirkomulag því vera í fullu samræmi við hvað felst í umræddu aðgangsformi sem og tilgang og efni reglna nr. 450/2008, um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta.<sup>24</sup> Í þessu sambandi þykir PFS rétt að taka fram að stofnunin lítur ekki á það sem framsal á númerum, í skilningi 11. gr. reglnanna, sæki aðilar um númerin á þann hátt sem að framan greinir eða, ef um er að ræða endursöluaðila sem er að færa sig á net Símans frá öðrum netrekanda, númer séu flutt í fullu samráði og samvinnu við PFS.

Hvað varðar gjöld fyrir númer, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, þá falla þau eðli málsins samkvæmt á Símann, enda kemur hann til með að vera skráður fyrir þeim númerum sem sótt er um fyrir endursöluaðila, sbr. umfjöllun hér að framan. Telur PFS að þessi kostnaður sé innifalinn í notkunargjöldum viðsemjanda.

Um athugasemdir Símans um ábyrgð á fyrirfram greiðslukerfi getur PFS fallist á sjónarmið Símans hér að framan um að það eigi að vera á ábyrgð viðsemjanda en ekki Símans. Er þó mikilvægt að þessi þjónusta verði í boði hjá Símanum fyrir þá viðsemjendur sem óska eftir því. Skal Síminn því, eins og hann hefur boðist til að gera, leggja fram tilboð um þessa þjónustu fyrir viðsemjanda óski hann eftir því.

Um aðgang endursöluaðila að HÍN og Já ehf. bendir PFS á að Síminn er sá aðili samningssambandsins sem sér um kerfisreksturinn og er þegar með kerfi sem eru tengd framangreindum aðilum. Er það því hvorki íþyngjandi né kostnaðarsamt fyrir Símann að veita endursöluaðila umræddan aðgang.

Hvað varðar athugasemdir Símans um reiki vísar PFS til svara stofnunarinnar í kafla 6.4.3 hér á undan, við athugasemdum Símans um breytingar PFS á grein 2.5, sbr. niðurstaða PFS í kafla 6.8.3 hér á eftir.

Að lokum bendir PFS á í þessu sambandi að nú þegar eru starfandi endursöluaðilar farsímaþjónustu hér á landi þó ekki á neti Símans, enda hafa samningar þar um fram að þessu ekki borið árangur. Minnir PFS á að þrátt fyrir að endursölusamningur sé samvinnuverkefni Símans og viðsemjanda er Síminn ábyrgur fyrir því að tæknilega sé hægt að bjóða og reka umrædda þjónustu á kerfi Símans í samræmi við ákvarðanir PFS og álagðar kvaðir þar um. Í þessu sambandi telur PFS rétt að fella út orðið „fulla“ úr fyrirsögninni „*Þættir sem viðsemjandi ber fulla ábyrgð á*“ yfir dálki tvö í töflu 1. Er það einkum til að gæta samræmis í fyrirsögnum yfir dálkum í töflu 1 um þá þætti sem falla undir ábyrgð aðila samningsins. Auk þess að má líta svo á að ábyrgð er að miklu leyti sameiginleg þar sem samstarf aðila á framkvæmd tæknilegra atriða samningsins er nauðsynlegt.

---

<sup>24</sup> [Reglur um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta nr.450/2008](#), frá 30.apríl 2008

Að ofangreindu virtu skulu allar boðaðar breytingar PFS á þessum skilmála standa, nema hvað varðar ábyrgð á fyrirfram greiðslukerfi. Skal sú ábyrgð vera hjá viðsemjanda eins og fram hefur komið. Með vísan til þessa skulu eftirfarandi breytingar gerðar á þessum skilmála:

Orðið „fulla“ skal felld út úr fyrirsögninni „Þættir sem viðsemjandi ber fulla ábyrgð á“ yfir dálki tvö í töflu 1.

Þá skulu eftirfarandi þættir vera á ábyrgð viðsemjanda í skilmála 1 í viðauka 2:

- Verðlagning, reikningagerð og innheimta gagnvart endanlegum notanda
- Þjónustuver
- Kvartanir og meðferð svikamála
- Tenging við gagnagrunn Símans
- Tilkynningar

Eftirfarandi þættir í skilmála þessum skulu færast frá ábyrgð viðsemjanda á ábyrgð Símans:

- Aðfangaöflun
- Aðgangur að HÍN
- Aðgangur að Já ehf.
- Erlent reiki

Skal tafla 1 í viðauka 2 sem tilgreinir ábyrgð aðila uppfærð í samræmi við ofangreint.

### 6.7.2 Grein 2 Númeraflutningur - HÍN – tenging við Já ehf.

*„Það er alfarið á ábyrgð viðsemjanda að setja fram óskir og semja um númeraflutning, tengingu t.d. við HÍN og Já ehf. upplýsingaveitur kjósi hann svo.“*

#### 6.7.2.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

Þar sem Síminn er sá aðili þessa samnings sem rekur kerfi sem þegar hefur aðgang að gagnagrunni HÍN ehf. og Já ehf., og viðsemjandi óskar eftir aðgangi að, og með vísan til athugasemda PFS við grein 1 í viðauka 2 hér á undan, þ.e. tafla 1 „ábyrgð aðila“ skal grein 2 í viðauka 2 orðast svo:

*Viðsemjandi getur fengið aðgang að HÍN ehf. og Já ehf. í gegnum aðgang Símans hf. og skal greiða Símanum kostnað sem sá aðgangur hefur í för með sér, sé sá kostnaður eðlilegur, sannanlegur og í samræmi við aðgang viðsemjanda.*

Síminn gerir ekki athugasemdir, sbr. þó fyrirvara um greiðslu kostnaðar.

### 6.7.3 Grein 5 Tæknilegur fyrirvari

*„Gerður er almennur tæknilegur fyrirvari um framkvæmd samningsins. Skýrist það m.a. af þeim takmörkuðu tæknilegu möguleikum sem eru til staðar í kerfunum.“*

#### 6.7.3.1 Athugasemdir og niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Að mati PFS er þörf á að taka fram hér að ætli Síminn að synja viðsemjanda um einhverja framkvæmd á grundvelli þessa ákvæðis verði fyrirtækið að veita viðsemjanda ítarlegar og sannanlegar skýringar fyrir því. (Síminn gerir ekki athugasemdir).

Með vísan til framangreinds skal eftirfarandi málsgrein bætt við skilmála 5 í viðauka 2:



*Síminn mun veita útarlegar og sannanlegar skýringar fyrir synjun á framkvæmd samkvæmt þessu ákvæði.*

## **6.8 Viðauki 3. Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum**

### **„1.5 Erlent reiki**

*Viðsemjandi getur samið um aðgang að erlendum reikisamningum Símans.“*

#### **6.8.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum**

Með vísan til breytinga PFS á skilmála 2.5 í viðauka 1 (liður 6.4 hér á undan) og töflu 1 í viðauka 2 (liður 6.7 hér á undan) leggur PFS til að skilmáli 1.5 í viðauka 3 verði samhljóða skilmála 2.5 í viðauka 1.

#### **6.8.2 Athugasemdir Símans**

Síminn mótmælir því að ekki sé um frjálssa samninga að ræða um aðgang að erlendum reikisamningum og segir óeðlilegt að reiki, sem tilheyrir markaði 17 sem hefur ekki verið markaðsgreindur og nú felldur niður, sé tekið til meðferðar hjá PFS. Telur Síminn að stofnunin hafi ekki rétt til íhlutunar um verðskrá Símans á þeim markaði.

#### **6.8.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar**

Með vísan til svars PFS, í kafla 6.4.3 hér á undan, við athugasemdum Símans um breytingar PFS á skilmála 2.5 eru ekki forsendur til að falla frá boðuðum breytingum PFS á þessum skilmála viðmiðunartilboðinu. Skilmáli 1.5 í viðauka 3 skal því orðast svo:

*Viðsemjandi á rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans. Semja skal sérstaklega um verið fyrir reikisímtöl í farsímaneti Símans.*

## **6.9 Viðauki 5. Áætlanir**

### **„1.1 Áætlanir um endursöluumferð**

*Viðsemjandi skal gera áætlun um endursöluumferð og afhenda Símanum fyrir 1. október ár hvert.*

*Áætlunin skal segja til um hámark fjölda tengdra notenda og heildar umferð í hverjum mánuði. Berist Símanum ekki slík áætlun er litið svo á að ekki sé um breytingar á endursöluumferð viðsemjanda að ræða.*

#### **1.2 Viðurlög og frávik frá áætlunum**

*Áætlanir um endursöluumferð skulu bornar saman við raunverulega endursöluumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.*

*Ef endursöluumferð fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.*

*Ef frávik frá áætlunum um aðra endursöluþjónustu verður verulegt getur Síminn krafist þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.*

*Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.“*

### 6.9.1 Athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar kynntar Símanum

Að mati PFS er nauðsynlegt að fram komi að sá áfallni kostnaður sem vísað er til í skilmálanum sé eðlilegur, sannanlegur og í samhengi við umfang viðsemjanda. Enn fremur að kostnaðurinn stafi af tilkostnaði Símans við að tryggja ákveðna burðargetu eða nýtingu á netinu, en engu öðru, t.d. að umferðin hafi orðið minni en áætlanir stóðu til með tilheyrandi tekjutapi fyrir heildsöluaðila.

Samkvæmt framangreindu, og til að gæta samræmis við samhljóða skilmála í viðmiðunartilboði Símans um innanlandsreiði<sup>25</sup>, er lagt til að skilmáli 1.2 í viðauka 5 orðist svo:

*Áætlanir um endursöluumferð skulu bornar saman við raunverulega endursöluumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.*

*Ef endursöluumferð fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka við að tryggja áætlaða nýtingu á farsímanetinu.*

*Ef frávik frá áætlunum um aðra endursöluþjónustu verður verulegt getur Síminn krafist þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.*

*Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.*

*Sá áfallni kostnaður sem vísað er til hér að framan skal vera sannanlegur, eðlilegur og í samhengi við umfang áætlana viðsemjanda.*

### 6.9.2 Athugasemdir Símans

Þegar viðsemjandi er búinn að tilgreina ákveðið magn umferðar sem viðsemjandi áætla að kaupa, og Síminn hefur brugðist við með fjárfestingum í sínum kerfum til að anna þeirri umferð, er að mati Símans eðlilegt að viðsemjandi beri ábyrgð á þeim frávikum frá áætlun sem kunna að verða. Þannig beri Síminn ekki skaða af hugsanlegum frávikum í áætlanagerð viðsemjanda, sem verða til þess að umræddar fjárfestingar verði vannýttar og Síminn fái ekki eðlilegt endurgjald fyrir þessa fjárfestingu.

### 6.9.3 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Telur PFS að sá skilmáli sem stofnunin gerir tillögu um sé í samræmi við þau sjónarmið sem haldið er fram af hálfu Símans, þ.e. að fyrirtækið fá bættan sannanlegan útlagaðan kostnað standist áætlanir viðsemjanda ekki. Því eru ekki forsendur til að falla frá eða gera breytingar framangreindum skilmála 1.2 í viðauka 5 eftir boðaðar breytingar PFS. Skilmáli 1.2 í viðauka 5 skal því orðast svo:

*Áætlanir um endursöluumferð skulu bornar saman við raunverulega endursöluumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.*

*Ef endursöluumferð fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka við að tryggja áætlaða nýtingu á farsímanetinu.*

*Ef frávik frá áætlunum um aðra endursöluþjónustu verður verulegt getur Síminn krafist þess að*

<sup>25</sup> Sjá skilmála 1.3 í viðauka 6, bls. 20, í viðmiðunartilboði Símans um innanlandsreiði. Útg. 1.0-A, 08.08.2008



*viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.*

*Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.*

*Sá áfallni kostnaður sem vísað er til hér að framan skal vera sannanlegur, eðlilegur og í samhengi við umfang áætlana viðsemjanda.*

## Ákvörðunarorð

*Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir þær breytingar sem gerðar eru á viðmiðunartilboði Símans hf. kt. 500269-6779, um endursöluaðgang að farsímaneti fyrirtækisins, útgáfu 1.2.-01.01.2009, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í viðauka við ákvörðun þessa.*

*Síminn skal uppfæra viðmiðunartilboðið í samræmi við fyrirmæli Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt ákvörðun þessari og birta það á aðgengilegan hátt á vefsíðu sinni.*

*Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar*

*Reykjavík 26. nóvember 2009*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Inga Helga Jónsdóttir

## Viðauki

### Við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 19/2009

#### Fyrirmæli um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á viðmiðunartilboði Símans um endursöluaðgang að farsímaneti fyrirtækisins, útg. 1.2 – 01.01.2009. Skal Síminn uppfæra viðmiðunartilboðið í samræmi við ákvörðun þessa eigi síðar en **1. janúar 2010**. Að öðru leyti skal umrætt viðmiðunartilboð og viðaukar þess vera óbreyttir.

#### Skilmáli 1.3.2 (Samningur milli Símans og viðsemjanda er í gildi) orðist svo:

*Þegar í gildi er samningur um endursöluaðgang milli Símans og viðsemjanda skal viðsemjanda veittur a.m.k. 6 mánaða uppsagnarfrestur áður en nýtt viðmiðunartilboð um endursöluaðgang leysir gildandi samning af hólmi. Að þeim tíma liðnum gildir viðmiðunartilboðið sem samningur aðila, án sérstakrar undirskriftar, nema samningsaðilar semji um að samningurinn taki gildi fyrr.*

#### Skilmáli 1.4 (Breytingar á samningi) orðist svo:

*Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um endursöluaðgang milli Símans og viðsemjanda hans.*

*Geti viðsemjandi Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs/samnings um endursöluaðgang til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.*

*Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um endursöluaðgang“ á vef sínum.*

#### Skilmáli 2.1 (Grunnkröfur sem gerðar eru til viðsemjanda) skal breytt með eftirfarandi hætti:

Setning til viðbótar við a.-lið.:

*Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að viðsemjandi geti gert samninga um endursölu við önnur farsímafyrirtæki, enda útvegi þau honum nauðsynleg númer og kóða til þess.*

Skilmáli c-liðar er felldur brott.



**Skilmáli 2.7 (Þagnarskylda o.fl.) skal breytt þannig að orðinu „Póst- og fjarskiptastofnun“ er bætt við 5. mgr. þessa skilmála svo málsgreinin orðist svo:**

*Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að samningsaðilar veiti ákærvaldi, Póst- og fjarskiptastofnun eða öðrum yfirlögum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.*

**Skilmáli 3.2 (Uppbygging á farsímaneti viðsemjanda) orðist svo:**

*Nú ákveður viðsemjandi að setja upp miðlægan búnað skal hann þá tilkynna Símanum um þá ráðstöfun með að lágmarki 6 mánaða fyrirvara. Innan þess tíma getur viðsemjandi kannað grundvöll samnings um annars konar aðgangsform að farsímaneti Símans.*

*Nú ákveður viðsemjandi að fara í uppbyggingu á eigin farsímaneti og hefur fengið úthlutað tíðniheimild skal hann þá tilkynna Símanum um þá ráðstöfun með að lágmarki 6 mánaða fyrirvara áður en áætlað er taka eigin farsímanet á grundvelli tíðnileyfis í notkun. Innan þess tíma getur viðsemjandi kannað grundvöll reikisamnings að farsímaneti Símans.*

*Samningur þessi fellur úr gildi við undirskrift nýs samnings aðila um aðgang að farsímaneti Símans eða að 6 mánuðum liðnum frá tilkynningu viðsemjanda um fyrirhugaða starfsrækslu miðlægs búnaðar eða eigin farsímanets. Viðsemjanda er óheimilt að hefja starfsrækslu miðlægs búnaðar eða eigin farsímanets fyrr nema til prófana og með samþykki Símans.*

*Sjá einnig 2. mgr. í gr. 8, skv. skilmála um uppsögn samnings og skilmála 4. greinar í viðauka 1.*

**Skilmáli 4.1.3 (Verðbreytingar) orðist svo:**

*Samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15), frá 5. febrúar 2007, er Símanum óheimilt að gera verðbreytingar á heildsölugjaldskrá nema að fengnu fyrirfram samþykki stofnunarinnar.*

*Síminn skal tilkynna PFS og viðsemjanda um allar verðbreytingar á endursöluáðgangi og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 40 daga skriflegum fyrirvara. Er Símanum þó heimilt að tilkynna um verðbreytingar á reikiverðum með styttri fyrirvara og skal Síminn þá á sannanlegan hátt sýna fram á nauðsyn þess. Verðbreytingar samkvæmt framangreindu taka ekki gildi fyrr en að fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á meðan framangreind kvöð gildir gagnvart Símanum.*

**Skilmáli 6.2 (Riftun) orðist svo:**

*Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað ef eitt eða fleiri af eftirfarandi á við:*

- a) ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum;*
- b) ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans;*

*eða*

- c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.*
- d) ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.*
- e) ef notkun á fjarskiptanetum Símans er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins.*

*Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum. Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.*

### **Skilmáli 7 (Eigendaskipti að hlutum viðsemjanda)**

*Skal felldur brott.*

### **Skilmáli 8 (Lögsaga og lausn ágreiningsmála) verður nr. 7 og orðist svo:**

*Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.*

*Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.*

*Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.*

*Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.*

**Viðauki 1, Skilmáli 2.1 (Aðgangsgjald) orðist svo** (með fyrirvara um að PFS samþykki kostnaðargreind verð Símans):

*Viðsemjandi skal greiða fyrirfram  $[x]^{26}$  milljónir kr., sem árlegt aðgangsgjald fyrir aðgang að farsímaneti Símans.*

*Árlegt aðgangsgjald lækkar í samræmi við heildarmagn umferðar á ári sem viðsemjandi hefur náð. Eftirfarandi tafla sýnir áhrif mismunandi umferðar sem viðsemjandi kemur með inn á net Símans á árlegar greiðslur hans.*

*[...] <sup>27</sup>*

**Viðauki 1, Skilmáli 2.3 (Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn) orðist svo** (með fyrirvara um að PFS samþykki kostnaðargreind verð Símans):

**Verð**

**Upphafsgjald pr. mínútu**

**3,35 kr. \***

<sup>26</sup> Upplýsingar teknar út, tímabundið, þar sem Síminn óskaði eftir að upplýsingarnar njóti trúnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga.

<sup>27</sup> Tafla um lækkun aðgangsgjalds tekin út, tímabundið, þar sem Síminn óskaði eftir að upplýsingarnar njóti trúnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga.





<i>Innankertifsgjald pr. mínútu</i>	<i>6,53 kr. **</i>
<i>SMS pr. skeyti</i>	<i>3,0 kr.</i>
<i>MMS pr. skeyti</i>	<i>3,0 kr. ***</i>
<i>GPRS pr. Mbyte</i>	<i>26,27 kr.</i>
<i>Athugun á inneign á frelsi pr. mín eða SMS 0,8 kr.</i>	
<i>Verð pr. SIM kort</i>	<i>2,5 EUR</i>

*\* Mínútuverð fyrir símtal sem á upphaf hjá viðskiptavini viðsemjanda og lýkur hjá öðrum en viðskiptavini viðsemjanda eða Símans.*

*\*\* Mínútuverð fyrir innankertifis símtal, þ.e. símtal sem hefur upphaf og lúkningu á farsímaneti Símans, óháð því hver endursöluaðilinn á farsímaneti Símans er.*

*\*\*\* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.*

*Fyrir símtöl sem fara um skiptistöðvar Símans, er auk ofangreindra gjalda innheimt umflutningsgjald (transit-gjald) í samræmi við gildandi samtengisamning. Umflutningsgjald er þó ekki lagt á símtöl innan farsímanets Símans eða símtöl í fastanet Símans.*

*Verð fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet fer eftir verðskrá viðkomandi fjarskiptafyrirtækis um lúkningu*

#### **Viðauki 1, Skilmáli 2.5 (Útlandasímtöl) orðist svo:**

*Verð fyrir útlandasímtöl taka mið af heildsöluverðskrá Símans á hverjum tíma.*

*Heildsöluverðskrá Símans fyrir útlandasímtöl skal fylgja með sem viðauki með samningi viðsemjanda við Símann um endursöluaðgang. Skulu allar verðbreytingar á henni vera tilkynntar viðsemjanda með a.m.k. 40 daga fyrirvara, nema óhjákvæmilegt sé að tilkynna um verðbreytingar með styttri fyrirvara. Skal Síminn þá sýna fram á nauðsyn þess á sannanlegan hátt, sbr. skilmála 4.1.3 í viðmiðunartilboði þessu.*

#### **Viðauki 1, Skilmáli 2.6 (Erlent reiki) orðist svo:**

*Viðsemjandi á rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans. Semja skal sérstaklega um verð fyrir reikisímtöl í farsímaneti Símans.*

#### **Viðauki 1, Skilmáli 3 (Samhæfing upplýsingakerfa) orðist svo:**

*Miðað er við að uppsetning á samtengingu upplýsingakerfa verði eins og lýst er í viðauka 7.*

*Viðsemjandi greiðir eðlilegan og sannanlegan kostnað sem Síminn verður fyrir við samhæfingu upplýsingakerfa Símans og viðsemjanda.*

#### **Viðauki 1, Skilmáli 4 (Gjald vegna niðurfellingar samnings)**

*Ef viðsemjandinn ákveður áður en 3 ára samningstíma lýkur að flytja áskrifendur sína yfir í þá tegund farsímafjarskipta þar sem notað er fjarskiptanet sem ekki er í eigu Símans, eða hætta*



*fjarSKIPTASTARFSEMI sinni og skapa þannig enga notkun (umferð) á fjarSKIPTANETI Símans, skal viðSEMjandi greiða gjald sem tekur mið af árlegu aðgangsgjaldi.*

*Áætlað umfang umferðar og þau útgjöld sem hér er vísað til skulu liggja fyrir við undirskrift samnings þessa og vera sannanleg og eðlileg í samhengi við umfang viðSEMjanda Símans. Stofnkostnaður vegna aðgangs viðSEMjanda skal afskrifaður að fullu línulega á þriggja ára gildistíma samningsins og skulu afskriftir uppreiknaðar á ársgrundvelli komi til niðurfellingar samnings skv. þessu ákvæði. Gjald fyrir niðurfellingu samnings skal reiknast svo:*

<i>Á fyrst ári</i>	<i>Árlegt aðgangsgjald x 1,0</i>
<i>Á öðru ári</i>	<i>Árlegt aðgangsgjald x 0,8</i>
<i>Á þriðja ári</i>	<i>Árlegt aðgangsgjald x 0,6</i>

*Ofangreitt gjald er óháð því hvort viðSEMjandi hafi notið afláttar af aðgangsgjaldi vegna magns umferðar eða ekki. Hafi viðSEMjandi greitt fyrirfram árlegt aðgangsgjald á uppsagnarári, að hluta eða öllu leyti, skal sú greiðsla koma til frádráttar sem nemur eftirstöðvum árgjaldsins sem greitt var frá uppsagnarmánuði. Er þá miðað við að árgjaldi sé skipt í 12 mánuði.*

*Ákvæði þetta á ekki við ef viðSEMjandi hefur rekstur miðlægs búnaðar gerir samning við Símann um sýndarnetsaðgang.*

**Viðauki 2, Skilmáli 1, Grein 1 (Ábyrgð aðila) skal breytt með eftirfarandi hætti:**

**Orðið „fulla“ skal felld út úr fyrirsögninni „Þættir sem viðSEMjandi ber fulla ábyrgð á“ yfir dálki tvö í töflu 1.**

**Þá skal ábyrgð á eftirfarandi þáttum skiptast svo milli aðila:**

**Þættir á ábyrgð viðSEMjanda:**

- *Verðlagning, reikningagerð og innheimta gagnvart endanlegum notanda*
- *Þjónustuver*
- *Kvartanir og meðferð svikamála*
- *Tenging við gagnagrunn Símans*
- *Tilkynningar*
- *Fyrirfram greiðslukerfi*

**Þættir sem færist frá ábyrgð viðSEMjanda á ábyrgð Símans eru eftirfarandi:**

- *Aðfangaöflun*
- *Aðgangur að HÍN*
- *Aðgangur að Já ehf.*
- *Erlent reiki*

**Aðrir þættir sem upp eru taldir undir ábyrgð viðSEMjanda í töflu 1 í viðauka 2 eru á ábyrgð Símans.**

**Tafla 1 í viðauka 2, sem tilgreinir ábyrgð aðila, skal uppfærð í samræmi við ofangreint.**

**Viðauki 2, Skilmáli 1, Grein 2 (Númeraflutningur - HÍN – tenging við Já ehf.) skal orðast svo:**

*ViðSEMjandi getur fengið aðgang að HÍN ehf. og Já ehf. í gegnum aðgang Símans hf. og skal greiða Símanum kostnað sem sá aðgangur hefur í för með sér, sé sá kostnaður eðlilegur,*

*sannanlegur og í samræmi við aðgang viðsemjanda.*

**Viðauki 2, Skilmáli 1, grein 5 (Tæknilegur fyrirvari) skal breytt þannig að eftirfarandi málsgrein skal bætt við:**

*Síminn mun veita útarlegar og sannanlegar skýringar fyrir synjun á framkvæmd samkvæmt þessu ákvæði.*

**Viðauki 3, Skilmáli 1.5 (Erlent reiki) skal orðast svo:**

*Viðsemjandi á rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans. Semja skal sérstaklega um verið fyrir reikisímtöl í farsímaneti Símans.*

**Viðauki 5, Skilmáli 1.2 (Viðurlög og frávik frá áætlunum) orðist svo:**

*Áætlanir um endursöluumferð skulu bornar saman við raunverulega endursöluumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.*

*Ef endursöluumferð fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka við að tryggja áætlaða nýtingu á farsímanetinu.*

*Ef frávik frá áætlunum um aðra endursöluþjónustu verður verulegt getur Síminn krafist þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.*

*Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara. Sá áfallni kostnaður sem vísað er til hér að framan skal vera sannanlegur, eðlilegur og í samhengi við umfang áætlana viðsemjanda.*